



# SKÝRSLA STJÓRNAR

**NPA MIÐSTÖÐVARINNAR SVF.**

**Starfstímabilið 21. maí 2023 til 25. maí 2024**

Skýrsla lögð fram á aðalfundi  
NPA miðstöðvarinnar  
25. maí 2024



# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b> .....	2
<b>1 FÓLKIÐ Í NPA MIÐSTÖÐINNI</b> .....	1
1.1 Stjórn.....	1
1.1.1 Fjöldi stjórnarfundna.....	1
1.2 Starfsfólk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar.....	1
1.2.1 Starfsmannavelta hjá NPA miðstöðinni .....	2
1.2.2 Störf formanns .....	2
1.2.3 Störf stoðteymis.....	3
1.2.4 Störf NPA ráðgjafa.....	6
1.2.5 Ráðgjafar heimsækja landsbyggðina .....	7
1.2.6 Störf bókhalds og launavinnslu .....	7
1.2.7 Lausráðið starfsfólk.....	8
1.3 Fræðsla og þjónusta iðjubjálfa.....	8
1.4 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar .....	9
1.4.1 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar og þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks .....	9
1.5 Fjöldi NPA aðstoðarfólks .....	10
<b>2 KJARNI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR</b> .....	11
2.1 Félag fatlaðs fólks rekið án fjárhagslegra ágóðasjónarmiða.....	11
2.2 Hugmyndafræði NPA miðstöðvarinnar.....	11
2.3 Helstu verkefni NPA miðstöðvarinnar .....	11
2.4 Starfsemi á skrifstofu .....	11
2.5 Hagsmunagæsla NPA miðstöðvarinnar .....	12
2.6 Þróun og uppbygging NPA miðstöðvarinnar.....	12
2.7 Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar.....	12
2.8 NPA vinnustundin .....	13
<b>3 YFIRLIT STARFSTÍMABILS 2023-2024</b> .....	14
<b>4 FRÆÐSLA OG VIÐBURÐIR 2023-2024</b> .....	15
4.1 Grunnnámskeið NPA miðstöðvarinnar .....	15
4.1.1 NPA námskeið 2023-2024.....	15
4.2 Önnur fræðsla hjá NPA miðstöðinni - jafningjaspjall.....	15
4.3 Opið hús hjá NPA miðstöðinni .....	16
4.3.1 Kynning á jafnvæghjólalastólum .....	16
4.3.2 Velferðartækni og nýsköpun – öryggi, aðgengi og sjálfstæði.....	16
4.4 Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar.....	16

4.5 Fræðslunefnd NPA miðstöðvarinnar .....	17
4.6 Fræðsla 2023-2024 og til framtíðar .....	17
4.7 Fræðsla á vegum hins opinbera .....	17
4.8 Viðburðir .....	18
4.8.1 Félagsfundir .....	18
4.8.2 Skemmtiviðburðir .....	18
4.8.3 Jólakósí.....	18
5 KYNNINGARSTARF MIÐSTÖÐVARINNAR 2023-2024 .....	19
5.1 Verkefni um miðlun upplýsinga .....	19
5.1.1 Vefsíða NPA miðstöðvarinnar .....	19
5.1.2 Verkstjórnendahandbók .....	19
5.1.3 Handbók fyrir aðstoðarfólk.....	20
5.1.4 NPA fréttabréfið.....	20
5.1.5 Upplýsingapóstar til félagsfólks og aðstoðarfólks .....	20
5.2 Kynningarstarf.....	20
5.2.1 Auglýsingaherferð og ljósmyndataka.....	21
5.2.2 Kynning á stjórn og starfsfólki NPA miðstöðvarinnar .....	21
5.2.3 Samfélagsmiðlar.....	21
5.3 Fjölmiðlar .....	21
5.3.1 „Hver mánuður sem einstaklingur þarf að bíða eftir að hefja líf sitt er alvarlegt mál“ .....	21
5.3.2 Fimm ár frá lögfestingu NPA á Íslandi.....	22
5.3.3 Lífi fatlaðs fólks slegið á frest.....	22
5.3.4 Laus úr vistaböndum.....	22
5.4 Baráttumál og sýnileiki félagsfólks.....	23
6 REKSTUR SKRIFSTOFU 2023-2024.....	24
6.1 Kerfislausnir .....	24
6.1.1 Tímon .....	24
6.1.2 Áframhaldandi þróun Salesforce .....	24
6.1.3 Asana tekið í notkun .....	24
6.1.4 Önnur kerfi.....	24
6.1.5 Odoo kerfið .....	25
6.2 Samstarf við Halló .....	26
6.3 Húsnæði NPA miðstöðvarinnar.....	26
6.3.1 Félagsfólki stendur til boða að nýta rými skrifstofunnar .....	26
6.3.2 Húsnæði, innrétting skrifstofu og húsgögn.....	26
7 HAGSMUNAGÆSLA OG RÉTTINDAMÁL 2023-2024 .....	28
7.1 Hagsmunagæsla og réttindamál .....	28
7.1.1 Kærumál.....	29

7.1.2 Umsagnir um lagafrumvörp .....	30
7.1.3 Fjöldi NPA samninga í ósamræmi við lög.....	30
7.1.4 Áfangasigur árið 2022 en lítið gerst síðan.....	31
7.1.5 Samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki.....	32
8 SAMSTARFSVERKEFNI 2023-2024.....	33
8.1 Erlent samstarf, ráðstefnur og viðburðir erlendis .....	33
8.1.1 Samstarf við Norðurlöndin .....	33
8.1.2 Samstarf við portúgölsku samtökin Inovar Autismo.....	33
8.1.3 NordPlus COMPASS - Norrænt samstarf.....	33
8.1.4 ENIL og Freedom Drive .....	34
9 KJARAMÁL 2023-2024.....	35
9.1 Félagsfundur um áherslur í kjaraviðræðum 2024.....	35
9.2 Nýir kjarasamningar og kjarasamningsviðræður .....	36
9.3 Félagsfundur um nýjan kjarasamning.....	36
9.4 Uppfærðir jafnaðartaxtar vegna hækkunar kjarasamnings.....	36
9.5 Launahækkun aðstoðarfólks hjá NPA miðstöðinni.....	36
9.6 Innheimtuaðgerðir gagnvart sveitarfélögum og árangur þeirra.....	37
10 REKSTUR OG FJÁRHAGUR NPA MIÐSTÖÐVARINNAR .....	38
10.1 Rekstur og fjárhagur .....	38
11 LITIÐ TIL FRAMTÍÐAR .....	39
11.1 Vöxtur NPA miðstöðvarinnar .....	39
11.2 Starfið framundan.....	39

# 1 FÓLKID Í NPA MIÐSTÖÐINNI

## 1.1 Stjórn

Stjórn NPA miðstöðvarinnar skipa fimm aðalmenn og þrjú varamenn.

Á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 20. maí 2023 var Rúnar Björn Herrera Þorkelsson kosinn formaður NPA miðstöðvarinnar.

Eftirfarandi stjórnarfolk var kjörið í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi nýkjörinnar stjórnar sem hér segir:

- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri.
- Ágústa Arna Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi.
- Salóme Mist Kristjánsdóttir, meðstjórnandi.
- Þorbera Fjölinsdóttir, meðstjórnandi.

Varafulltrúar í stjórn voru kjörnir:

- Sóley Björk Axels, 1. varamaður.
- Margrét Sigríður Guðmundsdóttir, 2. varamaður.
- Halldóra Sigríður Bjarnadóttir, 3. varamaður.

Hlutverk stjórnar er að móta faglegt starf sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Stjórn NPA miðstöðvarinnar leggur línurnar í starfi miðstöðvarinnar og framkvæmdastjóri stýrir rekstri skrifstofunnar í samræmi við áherslur stjórnar. Stjórnin tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins og málefni á milli aðalfunda.

### 1.1.1 Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu árið 2023-2024 voru haldnir 12 stjórnarfundir, 5 á árinu 2023 og 7 á árinu 2024.

## 1.2 Starfsfolk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar

Í dag er starfsfolk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar 18 talsins og af þeim eru 2 í barneignaorlofi og 1 í tímabundnu leyfi. Einnig starfa 3 aðilar til viðbótar að tilteknum tímabundnum verkefnum og hafa gert frá því haustið 2023. Í lok árs 2023 var starfsfolk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar 17 talsins en höfðu verið 12 í lok árs 2022.

### Starfsfolk skrifstofu

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður
- Hjörtur Örn Eysteinnsson, framkvæmdastjóri (í barneignaorlofi)
- Silja Steinunnardóttir, samskiptastýra og starfandi framkvæmdastýra

- Andri Valgeirsson, kerfisstjóri
- Erna Eiríksdóttir, fræðslustýra
- Inga Dóra Glan, teymisstýra ráðgjafa

#### NPA ráðgjafar

- Anna Íris Pétursdóttir
- Ástrós Anna Klemensdóttir (í barneignaorlofi)
- Breki Arnarsson
- Elísabet Jenný Hjálmarsdóttir
- Gunnhildur Una Jónsdóttir
- Katrín Einarsdóttir (tímabundið frá vinnu)
- Sigríður Ása Alfonsdóttir

#### Bókarar og launafulltrúar

- Daníel Páll Jónasson
- Ester Sveinbjarnardóttir
- Regína Þorvaldsdóttir
- Sigríður Jónsdóttir
- Sigurdís Rós Jóhannsdóttir

#### Lausráðið fólk í sérstökum verkefnum

- Ágústa Arna Sigurdórsdóttir, textasmiður, umsjón samfélagsmiðla og ritstýra fréttabréfs
- Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir, textaskrif á nýju efni fyrir vef miðstöðvarinnar
- Sóley Björk Axelsdóttir, prófarkalestur

### 1.2.1 Starfsmannavelta hjá NPA miðstöðinni

Eftirfarandi tafla veitir innsýn í starfsmannaveltu NPA miðstöðvarinnar í gegnum árin. Ekki er tekið tillit til starfshlutfalls starfsfólks. Hafa ber í huga að endanlegar tölur fyrir 2024 munu ekki liggja fyrir fyrr en í lok árs.

#### FJÖLDI STARFSFÓLKS Í LOK ÁRS OG STARFSMANNAVELTA (%)

Ár	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Heildarfjöldi	1	1	2	4	7	8	11	12	17	18
Starfslok	0	0	0	0	0	1	2	1	2	1
Hlutfall %	0	0	0	0	0	12,5	18,2	8,3	11,7	5,6*

\*Endanleg tala fyrir árið 2024 fæst ekki fyrr en í lok árs

Grafik: NPA miðstöðin/Silja 

### 1.2.2 Störf formanns

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson formaður stjórnar er einn starfsmanna á skrifstofu. Hann er fulltrúi stjórnar og félagsfólks á skrifstofunni og segja má að hann sé áttavittinn í starfi miðstöðvarinnar. Hlutverk formanns er að skipta sér af öllu í starfsemi miðstöðvarinnar, auk þess sem hann situr í ýmsum nefndum, kemur fram opinberlega og ryður brautina í hagsmunabaráttu fyrir fatlað fólk og NPA. Meðal verkefna formanns eru:

- Að vera tengiliður stjórnar og skrifstofu, ásamt framkvæmdastjóra.
- Náið samstarf við framkvæmdastjóra.
- Álitsgjöf og aðstoð við allt starfsfólk á skrifstofu við fjölbreytt verkefni.
- Sitja starfsfundi, fundi ráðgjafa, fundi með bókurum og vera mikilvæg rödd í stefnumótunarstarfi miðstöðvarinnar.
- Gæta þess að hugmyndafræðin um sjálfstætt líf sé ávallt í heiðri höfð í starfi miðstöðvarinnar.
- Vera andlit NPA miðstöðvarinnar út á við og sitja í nefndum og ráðum um málefni fatlaðs fólks og NPA.

### 1.2.3 Störf stoðteymis

**Framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar er Hjörtur Örn Eysteinnsson.** Hann ber ábyrgð á daglegri starfsemi NPA miðstöðvarinnar. Í því felst m.a. eftirfarandi:

- Framfylgja stjórnarsamþykktum og öðrum ákvörðunum stjórnar.
- Yfirumsjón með fjárhagslegu uppgjöri miðstöðvarinnar í samstarfi við bókara miðstöðvarinnar, endurskoðendur félagsins og gjaldkera stjórnar.
- Framfylgja rekstraráætlun og uppfæra hana.
- Hafa yfirsýn yfir rekstur miðstöðvarinnar og að útgjöld og tekjur séu í samræmi við rekstraráætlun.
- Hafa yfirumsjón með og annast hina ýmsu samninga og tengd skjöl.
- Eiga samskipti við félagsfólk, aðstoðarfólk, ýmsa opinbera aðila hjá ríki og sveitarfélögum o.fl.
- Veita sérhæfða ráðgjöf og þjónustu, t.d. er varðar réttinn til NPA og margt fleira.
- Veita ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitamál.
- Skrifa umsagnir við frumvörp og þingsályktunartillögur.
- Leiða kjaraviðræður og gerð kjarasamninga.
- Starfsmannamál og margt fleira.
- Félagsfólki miðstöðvarinnar stendur til boða ráðgjöf hjá framkvæmdastjóra NPA miðstöðvarinnar varðandi álitamál sem snúa að lögfræðilegum úrlausnarefnum og kærumálum. Sú þjónusta er mikilvægur þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar, til að stuðla að því að félagsfólk fái notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð samkvæmt lögum.

**Silja Steinunnardóttir er samskiptastýra miðstöðvarinnar** en er jafnframt staðgengill framkvæmdastjóra og hefur verið starfandi framkvæmdastýra síðan í febrúar síðastliðnum, í fjarveru Hjartar framkvæmdastjóra sem er í barneignarorlofi. Silja hóf störf hjá NPA miðstöðinni í janúar 2017 og starfaði fyrst sem verkefnastýra en hóf störf sem samskiptastýra árið 2020. Samskiptastýra hefur yfirumsjón með upplýsingamiðlun á vegum NPA miðstöðvarinnar, þar á meðal útgáfu á prenti, rafrænni miðlun upplýsinga, samskiptum við fjölmiðla og viðhaldi vefja og samskiptamiðla NPA miðstöðvarinnar. Auk þess hefur samskiptastýra komið að ýmsum öðrum verkefnum í gegnum tíðina. Hún sá t.d. um samskipti við heilbrigðisyfirvöld á tímum COVID-19, hélt utan um bólusetningarlista, kom vinnu við siðasáttmála miðstöðvarinnar af stað o.fl.

Verkefni samskiptastýru eru m.a. eftirfarandi:

- Útgáfa efnis á samfélagsmiðlum.
- Fréttaskrif fyrir vef miðstöðvarinnar og viðhald vefs.
- Sjá um að efni NPA miðstöðvarinnar sé framsett í samræmi við hönnunarstaðal og halda utan um ásýnd miðstöðvarinnar í heild sinni.
- Greinaskrif eða aðstoð við greinaskrif.
- Samræma framsetningu og tryggja gæði á útgefnu efni og kynningum.
- Yfirsýn yfir kynningar- og markaðsstarf NPA miðstöðvarinnar.
- Annast faglegt samstarf við auglýsinga- og markaðsstofur.
- Aðstoða formann, framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn NPA miðstöðvarinnar við ýmis verkefni tengd miðlun upplýsinga.
- Umsjón með útgáfu ársskýrslu NPA miðstöðvarinnar.
- Taka þátt í undirbúningi og framkvæmd viðburða á vegum NPA miðstöðvarinnar og sjá um auglýsingar og kynningar á þeim.

**Andri Valgeirsson er kerfisstjóri miðstöðvarinnar.** Andri hefur starfað hjá miðstöðinni síðan í nóvember 2018, fyrst sem ráðgjafi en í júní 2023 tók hann alfarið að sér kerfisstjórn og umsjón upplýsingatæknimála. Verkefni hans eru m.a. eftirfarandi:

- Halda utan um tækjabúnað starfsfólks á skrifstofu.
- Versla tölvur, fundarbúnað o.fl. og koma í gagnið.
- Vinna að uppsetningu og uppfærslu ýmissa kerfa, t.d. Salesforce, Tímon, Microsoft lausnum o.fl.
- Netkerfi skrifstofu.
- Öryggiskerfi Securitas.
- Tæknimál vefsíðu.
- Samskipti við þjónustufyrirtæki kerfisbúnaðar.
- Tæknileg aðstoð til félagsfólks.
- Ýmis konar aðstoð á skrifstofu.

**Erna Eiríksdóttir er fræðslustýra miðstöðvarinnar.** Erna tók við hlutverki fræðslustýru í maí 2023 en hafði þá starfað sem ráðgjafi hjá NPA miðstöðinni frá því í mars 2021. Erna stýrir fræðsluverkefnum NPA miðstöðvarinnar og vinnur að þróun og uppbyggingu þeirra. Erna lauk BA gráðu í mannfræði árið 2012 og MPA gráðu í opinberri stjórnsýslu, vorið 2023. Verkefni hennar eru m.a.

- Þróun á fræðsluefni NPA miðstöðvarinnar.
- Undirbúningur allra námskeiða.
- Samskipti við gestafyrirlesara.
- Skipulagning á fræðsluviðburðum, t.d. skipulagning á Hjólastólakvöldi með Öryggismiðstöðinni og Velferðartækni með Guðrúnu Jóhönnu iðjuþjálfara hjá Heimastyrk.
- Einstaklingsmiðuð fræðsla fyrir verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra.
- Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar, t.d. í HÍ og hjá félagasamtökum.



- Uppfærsla á Handbók verkstjórnenda og skrif á Handbók aðstoðarfólks (sem er í vinnslu).
- Aðstoða ráðgjafa við ýmis mál tengd stjórnsýslunni.
- Þátttaka í alþjóðastarfi, t.d. verkefnum með systurfélögum NPA miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum.

**Inga Dóra Glan er teymisstýra miðstöðvarinnar.** Inga Dóra hóf störf sem NPA ráðgjafi í ágúst 2021 og tók við hlutverki teymisstýru ráðgjafa í apríl 2023. Markmið teymisstýru er að allt félagsfólk fái vandaða þjónustu sem og að byggja upp styðjandi liðsheild innan ráðgjafateymis. Sem leið að því markmiði hefur Inga Dóra lagt grunn að verkferlum, byggt upp gagnagrunn til að auðvelda utanumhald og miðlun upplýsinga og jafnframt gert umbætur á ráðgjafarýminu. Inga Dóra er með BFA í grafískri hönnun og MA í náms- og starfsráðgjöf. Verkefni hennar eru m.a.:

- Ráðning og þjálfun nýrra ráðgjafa.
- Að byggja upp ráðgjafateymi þar sem ráðgjafar eru hvattir til að leita til og nýta styrkleika hvors annars.
- Vera ráðgjöfum innan handar við úrlausn sinna verkefna og undirbúa og halda vikulegan ráðgjafafund.
- Taka árleg starfsmannasamtöl og frammistöðumat.
- Skipuleggja og halda árlegan starfsdag ráðgjafa.
- Fylgjast með og dreifa álagi á milli ráðgjafa þannig að það verði sem jafnast hverju sinni.
- Uppfæra lista yfir hvaða verkstjórnendur eru tengdir hvaða ráðgjafa eða vara-ráðgjafa. Gera þær upplýsingar aðgengilegar öðrum á skrifstofunni og miðla þeim til Halló símsvörunarfyrirtækisins.
- Taka saman upplýsingar fyrir handbók ráðgjafa og yfirsýn með uppfærslum hennar.
- Undirbúa heimsóknir til félagsfólks á landsbyggðinni.
- Samskipti við tengiliði miðstöðvarinnar hjá sveitarfélögum og eftirfylgd með NPA samningum og áhættumati.
- Skipuleggja heimsóknir ráðgjafa og tengiliði sveitarfélaga til miðstöðvarinnar til að hitta ráðgjafateymi miðstöðvarinnar.
- Ráðgjöf við fólk sem hefur áhuga á NPA þjónustu eða starfi NPA miðstöðvarinnar.
- Hlusta eftir þörfum verkstjórnenda og útfæra hvernig ráðgjafar geta mætt þeim (dæmi um það er eyðublað fyrir ferðalög sem varð til eftir samtali við verkstjórnanda).
- Vinna við nýja verkferla, t.d. gerð eyðublaðs og verkferla fyrir verkstjórnendur sem huga að ferðalögum. Einnig koma því í ferli að nýráðið aðstoðarfólk fái ávallt sjálfvirkarn tölvupóst með upplýsingum um kjarasamning og réttindi sín þegar það hefur störf. Jafnframt ýmsar uppfærslur varðandi fyrirlagningu áhættumats.
- Útfæra hvernig tilkynningar sem berast til miðstöðvarinnar eru skráðar.
- Leggja grunn að öryggisnefnd og endurskoðun áhættumats.

### 1.2.4 Störf NPA ráðgjafa

Hlutverk NPA ráðgjafa er að ráðleggja og styðja við verkstjórnendur og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA.

Störf NPA ráðgjafa eru mjög fjölbreytt enda er það mjög einstaklingsbundið hvað hver og einn verkstjórnandi eða aðstoðarmanneskja þarf ráðgjöf eða aðstoð við og getur verið mjög misjafnt hvernig þjónustu fólk nýtir mest hjá miðstöðinni. Meðan sum vilja meiri aðstoð við þætti sem lúta að daglegri verkstjórn þá eru önnur sem hafa þegið aðstoð NPA miðstöðvarinnar við að reka sín mál innan kerfisins, hvort sem er hjá stjórnáslunni eða innan dómskerfisins.

Ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar veita ráðgjöf og aðstoða félagsfólk t.d. við eftirfarandi:

- Vakta- og viðveruáætlanir.
- Skráningar viðveru í Tímon.
- Auglýsa eftir aðstoðarfólki.
- Taka atvinnuviðtöl.
- Ráðningar.
- Uppsagnir.
- Samningagerð.
- Útskýra kjarasamninga.
- Útreikninga á launakostnaði.
- Undirbúning fyrir ferðalög með aðstoðarfólki.
- Samskiptaerfiðleika eða aðrar áskoranir sem beina þarf í réttan farveg.
- Samskipti við sveitarfélög, m.a. til að þrýsta á um réttindi félagsfólks.
- Margt fleira sem tengist framkvæmd NPA.

Rétt er að hnykkja á því að ráðgjafar eru að sjálfsögðu einnig til staðar fyrir aðstoðarfólk.

Hér eru fleiri dæmi um verkefni ráðgjafa:

- Svара spurningum aðstoðarfólks og veita ráðgjöf eða aðstoða með öðrum hætti.
- Veita öðrum sem eru áhugasöm um NPA, upplýsingar um NPA, réttinn til NPA, hvernig sótt er um NPA o.fl.

Árið 2022 voru tekin fyrstu skref til að byggja brú á milli ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar og ráðgjafa sveitarfélaga, þegar ráðgjöfum Reykjavíkurborgar var boðið í heimsókn til að ræða við ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar. Í framhaldinu hefur ráðgjöfum frá fleiri sveitarfélögum verið boðið til miðstöðvarinnar og hafa heimsóknirnar gefið góða raun og t.d. í einhverjum tilvikum stytt boðleiðir og orðið til þess að mál rekist betur hjá tilteknum sveitarfélögum.

Í dag eru ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar 7 talsins auk teymisstýru en af þeim er 1 ráðgjafi í barneignaorlofi og 1 ráðgjafi tímabundið frá störfum. Í desember 2023 voru ráðgjafarnir 6 talsins auk teymisstýru og í desember 2022 voru þeir 5 talsins.

Samhliða vexti miðstöðvarinnar og fjölgun í hópi starfsfólks heldur vinna við þróun ýmissa þátta í starfseminni áfram, má þar nefna vinnu við að byggja upp skýrari verkferla, bæta við eyðublöðum, taka ný kerfi í notkun og þróa þjónustulíkan fyrir ráðgjafa miðstöðvarinnar. Þessi verkefni og fleiri til, verða unnin í áföngum eftir því sem tæk eru á, enda að mörgu að huga við uppbyggingu NPA miðstöðvarinnar.

### 1.2.5 Ráðgjafar heimsækja landsbyggðina

Ráðgjafar eru einnig í auknum mæli farnir að heimsækja félagsfólk og sveitarfélög á landsbyggðinni.

Þrjú ráðgjafar frá NPA miðstöðinni fóru í tveggja daga vinnuferð til Akureyrar 24.-25. ágúst 2023. Einnig fóru ráðgjafi, teymisstýra ráðgjafa og fræðslustýra í dagsferð til Ísafjarðar í apríl síðastliðnum.

Tilgangur ferðanna var að styrkja tengslin við félagsfólk á landsbyggðinni, færa þjónustu NPA miðstöðvarinnar nær þeim og framkvæma áhættumat með verkstjórnendum á heimili þeirra.

Ráðgjafar voru sammála um að öllum aðilum hafi fundist gott að sjá andlitin á bak við tölvuskjána sem þau höfðu verið í tölvupóstsamskiptum við fram að því. Fram kom að félagsfólk á landsbyggðinni glímir að einhverju leyti við aðrar áskoranir en félagsfólk á höfuðborgarsvæðinu. Til dæmis er erfiðara að fá aðstoðarfólk til starfa á landsbyggðinni. Á Ísafirði gafst einnig tækifæri til að hitta velferðarsvið sveitarfélagsins og eiga með þeim gott samtál um NPA þjónustu á landsbyggðinni, ásamt því að veita stutta fræðslu um hlutverk og ábyrgð í NPA.

### 1.2.6 Störf bókhalds og launavinnslu

Verkefni bókhalds- og launadeildar hafa vaxið að umfangi samhliða fjölgun félagsfólks og auknum fjölda aðstoðarfólks. Hlutverk starfsfólks í bókhalds- og launadeild felast í megindráttum í bókhaldi NPA miðstöðvarinnar og öllu því sem tengist launagreiðslum til aðstoðarfólks og starfsfólks á skrifstofu.

Verkefni tengd launavinnslu og bókhaldi NPA miðstöðvarinnar eru margþætt og gefur eftirfarandi upptalning innsýn í helstu verkefni bókhalds- og launadeildar.

- Launaútreikningar aðstoðarfólks, færsla launa og greiðsla, breytingar á launum og önnur tengd verkefni.
- Útgáfa vottorða fyrir aðstoðarfólk.
- Vinnsla rekstrarskýrslna fyrir notendur og sveitarfélög.
- Reikningagerð.
- Afstemmingar bókhalds og forvinnsla ársuppgjörs fyrir endurskoðendur NPA miðstöðvarinnar.
- Samskipti við sveitarfélög, notendur og aðstoðarfólk.

Samhliða vexti NPA miðstöðvarinnar hefur smám saman reynst nauðsynlegt að endurskoða verkferla í bókhaldi.

- Í vor var framsetningu á rekstrarskýrslum NPA miðstöðvarinnar breytt og þær eru nú sendar til félagsfólks og sveitarfélaga undir nafninu „NPA INNSÝN“. Nýju rekstrarskýrslurnar fela í sér sömu upplýsingar og áður, en þær eru ítarlegri og settar fram á skýrari og myndrænni hátt en áður. Það er von miðstöðvarinnar að NPA INNSÝN auðveldi félagsfólki að hafa yfirsýn yfir stöðu NPA samnings síns á hverjum tíma og einnig þróun hans síðustu 12 mánuði og jafnframt að það geri notendum betur kleift að áætla bestu nýtingu síns framlags.
- Tilkoma Tímon viðveruskráningarforritsins átti sinn þátt í að auka sjálfvirkni í bókhaldinu. Launavinnsla varð sjálfvirkari og einfaldari og handavinna talsvert minni. Fyrir vikið hefur síður verið hætt á innsláttarvillum eða ósamræmi á milli vinnuskýrslna og launaseðla.
- Frá árinu 2022 hefur verið unnið að því straumlínulaga bókhaldið þannig að það verði skilvirkara og öruggara. Árið 2023, í kjölfar þess að fjölgað hafði í bókhaldsteyminu, var lögð áhersla á að þróa verkferla í bókhaldinu til að gera þá sjálfvirkari. Á þessu ári hefur verið unnið að því að innleiða þessa sjálfvirku verkferla. Tilkoma NPA INNSÝN er einn liður í því að auka sjálfvirkni og áreiðanleika við vinnslu upplýsinga, þar sem uppsetning skjala skilar uppfærðum gögnum jafnóðum fyrir reikningagerð, afstemmingar og greiðslu 5% framlagsins.
- Virk innri endurskoðun og stöðug endurskoðun verkferla tryggir nauðsynlega þróun og aðhald með verkefnum bókhalds- og launadeildar.

Í dag starfa 5 launafulltrúar/bókarar hjá miðstöðinni og annast þau allt bókhald og launavinnslu fyrir miðstöðina.

### 1.2.7 Lausráðið starfsfólk

Í dag eru þrír aðilar sem vinna að tilteknum verkefnum fyrir miðstöðina. Þau starfa öll að verkefnum sem tengjast miðlun upplýsinga. Má þar nefna:

- Umsjón samfélagsmiðla.
- Textaskrif.
- Skrif og ritstýring fréttabréfs miðstöðvarinnar.
- Skrif á upplýsingapóstum til félags- og aðstoðarfólks.
- Skrif á nýju efni fyrir vef NPA miðstöðvarinnar sem notað verður til að auka upplýsingagildi heimasíðunnar.
- Prófarkalestur handbóka miðstöðvarinnar.

### 1.3 Fræðsla og þjónusta iðjupjálfa

Í júní 2022 tilkynnti NPA miðstöðin að gert hefði verið samkomulag við Guðrúnu Jóhönnu Hallgrímsdóttur iðjupjálfa. Félagfólk NPA miðstöðvarinnar hefur nú kost á að fá ráðgjöf

og þjónustu iðjubjálfa sér að kostnaðarlausu, tengt eigin sjálfsbjörg, heimilisathugun, hjálpartækjum, vinnu eða námi, bílamálum eða vinnuaðstöðu aðstoðarfólks, allt að þrisvar sinnum á hverju almanaks ári. Guðrún Jóhanna býður einnig upp á fjarheilbrigðisþjónustu á skjá, t.d. fyrir þau sem búa úti á landi eða eru erlendis.

Frekari upplýsingar um Guðrúnu Jóhönnu má finna hér: <https://www.heimastyrkur.is/>

Til að sækja um tíma hjá iðjubjálfa þarf að fylla út þetta form: [npa.is/felagsfolk/idjuthjalfi](https://npa.is/felagsfolk/idjuthjalfi)

## 1.4 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar

Í dag er félagsfólk NPA miðstöðvarinnar 65 talsins og fjölgaði því um 6 á undangengnu starfsári. Þegar aðalfundur var haldinn í fyrra, þann 20. maí 2023, voru eigendur NPA miðstöðvarinnar 59 talsins.

Af félagsfólki NPA miðstöðvarinnar eru 62 með NPA samninga en 3 með beingreiðslusamninga. Í fyrra voru 50 með NPA samninga og 9 með beingreiðslusamninga. Þjónusta og umsýsla hjá miðstöðinni vegna beingreiðslusamninga fer fram með sama hætti og vegna NPA samninga. Félagsfólk með beingreiðslusamninga nýtur sömu réttinda hjá miðstöðinni og notendur með NPA samninga.

Því miður eru sveitarfélög enn í einhverjum tilvika að ýta beingreiðslusamningum að fólki sem leitast eftir NPA og jafnvel að fólki sem komið er með NPA. Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin aðstoðað þau sem eru með beingreiðslusamning en vilja frekar NPA samning, við að sækja um NPA og mun miðstöðin halda því áfram.

### 1.4.1 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar og þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll tilteknu þjónustusvæði sveitarfélags eða sveitarfélaga hvað varðar þjónustu sína við fatlað fólk. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar skiptist niður á 10 þjónustusvæði á landinu.

#### ÞJÓNUSTUSVÆÐI FÉLAGSFÓLKS NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Þjónustusvæði sveitarfélags/a	Sveitarfélag
Reykjavík	Reykjavík
Kópavogur	Kópavogur
Garðabær	Garðabær
Hafnarfjörður	Hafnarfjörður
Þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjósahrepps	Mosfellsbær
Þjónustusvæði Bergrisans	Árborg Rangárvalla- og v. Skaftafellssýsla
Ísafjarðarbær	Ísafjarðarbær
Þjónustusvæði Norðurlands eystra	Dalvíkurbyggð
Akureyri	Akureyri
Reykjanesbær	Reykjanesbær

Grafik: NPA miðstöðin/Silja 

## **1.5 Fjöldi NPA aðstoðarfólks**

Í maí 2024 gegna hátt í 340 einstaklingar stöðu NPA aðstoðarfólks hjá félagsfólki NPA miðstöðvarinnar í mismunandi starfshlutföllum. Um svipað leyti í fyrra var aðstoðarfólk um 310 talsins.

## 2 KJARNI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

### 2.1 Félag fatlaðs fólks rekið án fjárhagslegra ágóðasjónarmiða

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Miðstöðin er í eigu og undir stjórn fatlaðs fólks sem er með umsýslu síns samnings hjá NPA miðstöðinni. Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykktu miðstöðvarinnar:

*„Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfseminni.“*

### 2.2 Hugmyndafræði NPA miðstöðvarinnar

Leiðarljós NPA miðstöðvarinnar hefur ávallt verið hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og leggur sú hugmyndafræði hornstein að starfsemi miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin hefur frá upphafi, í samræmi við reglur um NPA, skilgreint verkefni NPA verkstjórnenda og miðstöðvarinnar með það að markmiði að tryggja sjálfstætt líf verkstjórnenda eins og kostur er.

### 2.3 Helstu verkefni NPA miðstöðvarinnar

Umsýsla NPA samninga félagsfólks NPA miðstöðvarinnar og ráðgjöf til félagsfólks og aðstoðarfólks er mikilvægur þáttur í starfi miðstöðvarinnar. Auk þess sinnir miðstöðin ýmsum öðrum verkefnum tengt NPA, t.d. fræðslu, þróun verkferla tengt umsýslu samninga og sinnir öflugri hagsmunagæslu fyrir fatlað fólk á Íslandi.

### 2.4 Starfsemi á skrifstofu

Kjarninn í starfsemi NPA miðstöðvarinnar er þjónusta við verkstjórnendur og aðstoðarfólk miðstöðvarinnar. Sú þjónusta og umsýsla er það sem mestur tími starfsfólks á skrifstofu fer í.

NPA ráðgjafar, eins og fram hefur komið, sinna fjölbreyttum verkefnum en meginhlutverk þeirra er að ráðleggja og styðja verkstjórnendur og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA. Hægt er að fá samband við ráðgjafa í gegnum síma og tölvupóst eða óska eftir því að hitta ráðgjafa á skrifstofu miðstöðvarinnar.

Bókarar sinna launagreiðslum og bókhaldi, svara fyrirspurnum og aðstoða við mál þar að lútandi. Netföng í bókhalds- og launadeild eru [bokhald@npa.is](mailto:bokhald@npa.is) og [laun@npa.is](mailto:laun@npa.is).

Félagsfólki NPA miðstöðvarinnar stendur einnig til boða ráðgjöf hjá framkvæmdastjóra NPA miðstöðvarinnar varðandi álitamál sem snúa að lögfræðilegum úrlausnarefnum og kærumálum.

Stytting vinnuviku hjá starfsfólki skrifstofu, tók gildi í júní 2022 og þá styttist opnunartími NPA miðstöðvarinnar á föstudögum. Opnunartími NPA miðstöðvarinnar er mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-15:00 og föstudaga kl. 10:00-13:00.

Hægt er að fá samband við allt starfsfólk miðstöðvarinnar með því að senda tölvupóst á netfangið [npa@npa.is](mailto:npa@npa.is) eða hringja í síma 567 8270.

## 2.5 Hagsmunagæsla NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin veitir félagsfólki sínu, og raunar öllum NPA notendum á Íslandi óháð umsýsluaðila, öfluga hagsmunagæslu og þjónustu sem ekki er endilega alltaf sýnileg. NPA miðstöðin er til að mynda eini umsýsluaðili NPA samninga sem annast gerð kjarasamninga fyrir NPA aðstoðarfólk og ef NPA miðstöðin myndi ekki sinna því hlutverki þyrftu notendur að annast slíka samningagerð sjálfir. Í kjölfar kjarasamningsbundinna hækkana er NPA miðstöðin svo eini aðilinn sem tekur að sér að reikna út, kynna og fylgja eftir lágmarkstaxta NPA samninga og hefur gert það síðan árið 2018. NPA miðstöðin hefur náð þeim árangri á liðnum árum að sveitarfélög fara nú eftir útreikningum miðstöðvarinnar, sem eru í sífelldri endurskoðun og þróun, en það fer hins vegar mikil vinna í það ár hvert að eltast við hækkanir á töxtum og tryggja að réttar greiðslur berist frá sveitarfélögum vegna NPA samninga.

NPA miðstöðin er öflugur málsvari og hagsmunaafl fyrir innleiðingu NPA á Íslandi og framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Þannig skrifar miðstöðin umsagnir við lagafrumvörp innan málaflokksins og skrifar greinar og vekur athygli á umræðum og fréttum sem varða hagsmuni fatlaðs fólks. NPA miðstöðin rekur einnig fjölda mála fyrir sveitarfélögum og úrskurðarnefnd velferðarmála um fjölda ágreiningsefna og hefur náð miklum árangri fyrir stóran hóp fólks.

## 2.6 Þróun og uppbygging NPA miðstöðvarinnar

Nánast allt sem NPA miðstöðin gerir, hvort sem það er siðasáttmáli, handbækur, eyðublöð eða jafnvel dagleg álitamál, er frumkvöðlastarf. Það er allt unnið frá grunni út frá hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf, út frá íslensku regluverki og þeim áherslum sem NPA miðstöðin vill móta í sinni starfsemi. Jafnframt er haft mikið samráð við félagsfólk, þar sem það á við, eins og t.d. við gerð siðasáttmálans, þegar ákveðið var að skipta um merki miðstöðvarinnar og flytja í annað húsnæði. Slíkt samráð er nauðsynlegt í starfi samvinnufélags en krefst um leið aukinnar vinnu og getur lengt vinnsluferli verkefna verulega.

## 2.7 Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar

Mikilvægt er að NPA miðstöðin, eins og aðrir vinnustaðir, hafi sinn eigin siðasáttmála og verkferla vegna eineltis, áreitni og ofbeldis. Slíkur leiðarvísir er jafnvel enn mikilvægari í ljósi þess að fatlað fólk er berskjaldaðra en ófatlað fyrir hvers kyns ofbeldi og í ljósi umræðu undangenginna ára um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.



Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi var samþykktur á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 28. maí 2022. Haustið 2022 var svo siðasáttmálinn tilbúinn og má finna hann á vefslóðinni [sidasattmali.npa.is](https://www.npa.is/sidasattmali.npa.is).


Siðasáttmálinn og aðgerðaáætlunin var unninn með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem einkenna vinnusamband verkstjórnenda og aðstoðarfólks og veitir félagsfólki, aðstoðarfólki og NPA miðstöðinni skýra verk- og viðbragðsferla í tilteknum málum og ættu að vera góður leiðarvísir fyrir alla hluteigandi aðila um hvernig eigi að bera sig að við tilteknar aðstæður.

Til stendur að þýða siðasáttmálann og aðgerðaáætlunina yfir á ensku.

## 2.8 NPA vinnustundin

Í reglum um NPA er kveðið á um þrískiptingu NPA samninga, þ.e. að:

- 85% samnings er ætlað til greiðslu launa aðstoðarfólks.
- 10% er umsýsluframlag (sem í tilviki NPA miðstöðvarinnar rennur til hennar til reksturs miðstöðvarinnar).
- 5% framlag rennur til NPA notenda til þess að mæta kostnaði vegna aðstoðarfólks. Kostnaður vegna aðstoðarfólks getur verið margvíslegur, enda ljóst að aðstoðarfólk þarf að fylgja notanda í hans daglega lífi.



### 3 YFIRLIT STARFSTÍMABILS 2023-2024

Samhliða stækkun miðstöðvarinnar hin síðustu ár hefur þörfin fyrir skýra verkferla, aukna sjálfvirkni og skilvirk kerfi orðið mjög brýn, m.a. til að tryggja samræmi í þjónustu við félagsfólk, minnka líkur á mistökum og auðvelda starfsfólki sína vinnu svo þau geti sinnt þjónustu við félagsfólk og aðstoðarfólk af þeirri natni og alúð sem við kjósum.

Þegar litið er yfir verkefni nýliðins starfsárs má segja að þróun og innleiðing verkferla í starfi miðstöðvarinnar hafi verið áberandi hjá öllum teymum, hjá ráðgjafateyminu, hjá bókhaldsteyminu og varðandi upplýsingatæknimál. Þetta eru nokkuð fjölþætt og viðamikil verkefni sem eru núna í brennidepli samhliða fjölgun félagsfólks, aðstoðarfólks og starfsfólks undanfarin ár og má ætla að sú vinna verði fram haldið á nýju starfstímabili og líklega lengur. Vonir standa til að út úr þessari þróun verði til verkferlar og kerfi sem nýtist miðstöðinni inn í framtíðina, þó að sjálfsgöðu megi gera ráð fyrir áframhaldandi þróun, upp að einhverju marki.

Meðal helstu verkefna og nýjunga hjá NPA miðstöðinni á nýliðnu starfsári má nefna eftirfarandi:

- Innleiðing verkferla hjá ráðgjöfum og áframhaldandi þróun fleiri verkferla.
- Innleiðing verkferla og aukin sjálfvirkni í bókhaldi.
- Uppbygging á fræðslunámskeiðum miðstöðvarinnar og aukið framboð á NPA námskeiðum bæði á íslensku sem og á ensku.
- Fræðslunefnd var nýverið stofnuð og mun halda sinn fyrsta fund haustið 2024.
- Öryggisnefnd var stofnuð í vor. Nefndin á eftir að hittast á fyrsta fundi en meðal verkefna nefndarinnar í haust verður að bæta núverandi áhættumat svo það sé betur sniðið að hverjum félagsmeðlimi.
- Í mars var skrifað undir samning við fyrirtækið Boðleið um innleiðingu á kerfinu Odoo sem mun koma í staðinn fyrir fjölda annarra kerfa sem eru nú þegar í notkun hjá miðstöðinni. Með Odoo eiga margir verkferlar eftir að einfaldast verulega og skilvirkni að aukast sem ætti að skapa verulegt vinnuhagræði.
- Með ráðningu á starfskonu til að sinna ýmsum verkefnum tengt miðlun upplýsinga skapaðist svigrúm til að hefja útgáfu NPA fréttabréfsins og einnig hefur náðst að senda út upplýsingapósta til félagsfólks og aðstoðarfólks nánast í hverjum mánuði. Jafnframt er nú meira af nýju efni sett inn á heimasíðuna en áður var.
- Búið er að setja upp nýja eldhúsinnréttingu hjá miðstöðinni og er hún aðgengilegri en sú gamla. Skápa- og ísskápspláss gömlu innréttingarinnar var fyrir löngu orðið of lítið fyrir starfsfólk og starfsemi skrifstofunnar og uppfyllir nýja innréttingin mun betur þarfir skrifstofunnar sem í dag telur hátt í 20 starfsfólk, auk fundargesta.
- Þáttaka í stofnun Nordic Competency Center og vinna við samstarfsverkefni með portúgölsku samtökunum Inovar Autismo.

## 4 FRÆÐSLA OG VIÐBURÐIR 2023-2024

### 4.1 Grunnnámskeið NPA miðstöðvarinnar

Í október 2021 hleypti NPA miðstöðin af stokkunum sex hluta námskeiðsröð um NPA. Námskeiðin eru fyrst og fremst ætluð verkstjórnendum, aðstoðarfólki og aðstoðarverkstjórnendum en einnig fólki í bið eftir NPA og öðrum áhugasömum.

Heiti námskeiðanna eru eftirfarandi:

1. Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og NPA.
2. Hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA.
3. Aðbúnaður og hollustuhættir í NPA.
4. Hvaða áhrif hafa lög, reglugerðir og NPA samningar á líf mitt?
5. Líkamsbeiting og hjálpartæki.
6. Skyndihjálp.

NPA ráðgjafar í samstarfi við verkstjórnendur og aðstoðarfólk þróðu námskeiðin en jafnframt var leitast við að fá utanaðkomandi sérfræðinga á hverju sviði til að kenna á námskeiðunum. Á heildina hefur fengist jákvæð endurgjöf á námskeiðin og ljóst að uppsöfnuð þörf var orðin fyrir fræðslu um margt það sem snýr að NPA.

#### 4.1.1 NPA námskeið 2023-2024

Á haustmánuðum 2023 bauð NPA miðstöðin upp á fjögur námskeið:

- Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og NPA.
- Hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA.
- Skyndihjálp, annað á íslensku og hitt á ensku.

Á vorönn voru haldin fjögur námskeið en hvert námskeið í boði tvisvar, annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku, þ.e. átta námskeið alls. Námskeiðin voru:

- Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og NPA.
- Hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA.
- Líkamsbeiting og hjálpartæki.
- Skyndihjálp – frá Rauða krossinum.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum á ensku, einkum fyrir aðstoðarfólk. Einnig var hægt að sækja sum námskeiðanna í gegnum netið og voru þau alla jafna vel sótt.

### 4.2 Önnur fræðsla hjá NPA miðstöðinni - jafningjaspjall

NPA miðstöðin hefur í gegnum tíðina boðið félagsfólki upp á vettvang til að koma saman, spjalla og bera saman bækur sínar, hér áður fyrr undir yfirskriftinni jafningjaspjall. Á þessum vettvangi getur félagsfólk lært hvert af öðru, enda getur hver verkstjórnandi haft

sinn háttinn á því hvernig hann gerir hlutina og dýrmætt fyrir félagsfólk að skiptast á skoðunum og læra hvert af öðru. NPA ráðgjafi er einnig ávallt á staðnum til að svara spurningum. Á nýliðnu starfsári var boðið upp á þrjú fræðsluspjöll og voru þá umræðuefnin eftirfarandi:

- Skipulag vakta yfir hátíðar í aðdraganda jóla og páska.
- Tímon og yfirvinna.
- Skipulag vakta yfir páska og sumarfrí.

### 4.3 Opið hús hjá NPA miðstöðinni

NPA miðstöðin stóð fyrir opnu húsi í tvígang á starfsárinu. Opin hús eru haldin fyrir félagsfólk, aðstoðarfólk og aðra vini NPA miðstöðvarinnar. Tilgangur þess að halda opið hús er að halda kynningar á ýmsum málefnum, t.d. nýjum hjálpartækjum, hittast til að eiga góða stund saman og að gefa áhugasömum tækifæri á að heimsækja NPA miðstöðina og sjá það góða starf sem þar fer fram.

#### 4.3.1 Kynning á jafnvæghjólástólum

Miðvikudaginn 30. ágúst 2023 var NPA miðstöðin með opið hús og bauð upp á kynningu á jafnvæghjólástólum. Stefán E. Hannesson, iðjuþjálfari og vörustjóri Velferðar hjá Öryggismiðstöðinni kynnti nokkrar gerðir af jafnvæghjólástólum en Öryggismiðstöðin er með umboð fyrir nokkrum gerðum af jafnvæghjólástólum hér á landi. Margrét Lilja Arnheiðardóttir, formaður Sjálfsbjargar deildi jafnframt reynslu sinni af því að nota jafnvæghjólástól.

Kynningin var opin öllum og var vel sótt. 23 einstaklingar mættu og var greinilega mikill áhugi á stólunum. Mestur var speningurinn fyrir hjólástól sem heitir IBOT, og fer upp og niður tröppur. Því heyrðust mörg „jahérna“ og „ó my god“ þegar Stefán iðjuþjálfari fór á hjólástólnum upp og niður tröppurnar sem eru framan við skrifstofu NPA miðstöðvarinnar.

#### 4.3.2 Velferðartækni og nýsköpun – öryggi, aðgengi og sjálfstæði

Miðvikudaginn 10. apríl 2024 var boðið upp á kynningu á velferðartækni í NPA miðstöðinni. Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir, iðjuþjálfari hjá Heimastyrk fjallaði um öryggi, aðgengi og sjálfstæði með aðstoð velferðartækni og nýsköpunar. Stiklað var á stóru, enda mikið til að fjalla um. Öll fóru heim með punkta um ný tæki sem gott væri að pantast til að nota heima hjá sér.

### 4.4 Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar

Öðru hvoru leita utanaðkomandi aðilar til NPA miðstöðvarinnar með ósk um fræðslu um NPA og miðstöðina. Á nýliðnu starfsári var fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar eftirfarandi:

- Í ágúst var fræðslustýra með kynningu á NPA fyrir starfsfólk Verzlunarskólans. Heppnaðist kynningin vel og voru áheyrendur mjög áhugasöm um hvernig NPA þjónustuformið virkar.
- Í nóvember síðastliðnum var fræðslustýra miðstöðvarinnar með kynningu á NPA sem þjónustuformi og NPA miðstöðinni, fyrir fyrsta árs nema í proskapjálfafræðum við Háskóla Íslands.

Í gegnum tíðina hefur miðstöðin einnig verið fengin til að halda fyrirlestra í grunnskólum, framhaldsskólum og hjá sjúklingasamtökum. NPA miðstöðin vonast til að geta smám saman aukið fræðslu sína út á við, enda teljum við að fræðsla og þar með aukin þekking á NPA úti í samfélaginu styðji við NPA notendur og framkvæmd NPA á landinu og dragi vonandi jafnframt úr fordómum.

#### **4.5 Fræðslunefnd NPA miðstöðvarinnar**

Í vetur var sett á laggirnar fræðslunefnd sem samanstendur af tveimur félagsmeðlimum, einum stjórnarmeðlim og fræðslustýru. Tilgangur nefndarinnar er að tryggja aðkomu félagsfólks að mótun fræðslustarfs miðstöðvarinnar og auka enn frekar líkur á því að fræðslan mæti þörfum fatlaðs fólks með NPA, hjá miðstöðinni. Fræðslunefndin mun halda sinn fyrsta fund haustið 2024.

#### **4.6 Fræðsla 2023-2024 og til framtíðar**

Fræðsluverkefni NPA miðstöðvarinnar eru hluti þeirra mörgu þróunarverkefna sem fylgja uppbyggingu miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin hefur metnaðarfulla framtíðarsýn um fræðslu á vegum miðstöðvarinnar. Stefnt er að því að byggja upp og efla fræðslustarfið í áföngum, eftir því sem tæk eru á og miðstöðin stækkar.

#### **4.7 Fræðsla á vegum hins opinbera**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið setti upp námskeið haustið 2021. Mátti skilja upplýsingar frá ráðuneytinu sem svo að forsenda fyrir endurnýjun NPA samninga væri sú að verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra hefðu lokið þessum námskeiðum. NPA miðstöðin gagnrýndi framkvæmdina og síðan þá virðist ráðuneytið hafa fallið frá þessari kröfu.

Á fundi með ráðuneytinu snemma árs 2024 kom fram að ráðuneytið áætlað að betra sé að leggja fræðslu alfarið í hendurnar á NPA umsýsluaðilum og að ætlunin sé að það fyrirkomulag muni koma fram í reglugerðarbreytingu sem nú er unnið að. NPA miðstöðin tekur þátt í samráði um það hvernig námskeiðum verður háttað eftir væntanlega reglugerðarbreytingu.

## 4.8 Viðburðir

Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin staðið fyrir eða tekið þátt í viðburðum af ýmsu tagi. NPA miðstöðin hefur m.a. staðið fyrir félagsfundum um tiltekin málefni, skemmtiviðburðum fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk, opnum fræðslufundum á skrifstofunni, fögnuði í tilefni af afmæli miðstöðvarinnar og lögfestingu NPA, auk þess að taka þátt í ráðstefnum, í sýningunni Hjálpartæki í Laugardalshöll, Freedom Drive í Brussel og áfram mætti telja.

### 4.8.1 Félagsfundir

Tveir félagsfundir voru haldnir á nýliðnu starfsári.

Félagsfundur um áherslur NPA notenda í kjaraviðræðum við Eflingu og Starfsgreinasambandið, var haldinn fimmtudaginn 25. janúar. Fundurinn var ágætlega sóttur og líflegar umræður spunnust.

Fimmtudaginn 16. maí var svo haldinn félagsfundur þar sem félagsfólk greiddi atkvæði um samning NPA miðstöðvarinnar við Starfsgreinasambandið og Eflingu sem undirritaður var 3. maí síðastliðinn. Fundurinn samþykkti kjarasamninginn. (Sjá nánari upplýsingar um kjaramál í kafla 9).

### 4.8.2 Skemmtiviðburðir

Í gegnum tíðina hafa komið fram óskir frá bæði félagsfólki og aðstoðarfólki um að miðstöðin byði upp á viðburði sem snúast um annað en NPA, t.d. skemmtiviðburði. Á mótí eru svo önnur sem telja það jafnvel ekki hlutverk NPA miðstöðvarinnar að bjóða slíkt. Engu að síður finnst mörgum fengur í því að geta skemmt sér meðal jafninga og án þess að þurfa að hafa áhyggjur af aðgengi. Jafnframt eru fordæmi fyrir annars konar viðburðum hjá systurfélögum okkar á Norðurlöndunum og mörg þeirra bjóða ekki eingöngu upp á námskeið um NPA heldur einnig námskeið um ýmislegt annað og ýmsa skemmtiviðburði og hafa af því góða reynslu. NPA miðstöðin hefur undanfarin ár reynt að fara millivegin og boðið upp á einhverja skemmtiviðburði á hverju ári, yfirleitt einn til tvo talsins.

### 4.8.3 Jólakósí

Skemmtiviðburður NPA miðstöðvarinnar á síðasta starfsári var haldinn fimmtudaginn 23. nóvember síðastliðinn. Tekið var forskot á jólaundirbúninginn í NPA miðstöðinni með því að halda Jólakósíkvöld. Félagsfólk og fjölskyldur þeirra, auk starfsfólks NPA miðstöðvarinnar mætti, bjó til jólakransa og skreytti piparkökur. Boðið var upp á smákökur og heitt súkkulaði og undir hljómuðu ljúfir jólatónar. Fjölmörg lögðu leið sína í NPA miðstöðina þennan fimmtudagseftirmiðdag og var gerður góður rómur af jólakósíheitunum sem vonandi verða endurtekin fyrir næstu jól.

## 5 KYNNINGARSTARF MIÐSTÖÐVARINNAR 2023-2024

### 5.1 Verkefni um miðlun upplýsinga

Í félagi eins og NPA miðstöðinni er nauðsynlegt að miðla reglulega upplýsingum um ýmislegt sem tengist NPA, til félagsfólks og aðstoðarfólks. Auk þess veur NPA miðstöðin athygli á málefnum fatlaðs fólks með ýmsum hætti, hvort sem er á samfélagsmiðlum, með greinaskrifum eða auglýsingaherferðum.

#### 5.1.1 Vefsíða NPA miðstöðvarinnar

Vefumsjónarkerfi miðstöðvarinnar var uppfært í mars síðastliðnum og samhliða því var útliti vefsins breytt lítillega. Einnig hefur töluvert meira líf færst í vefsíðu miðstöðvarinnar, [www.npa.is](http://www.npa.is). Birtingum greina á vefsíðunni hefur fjölgað verulega í vetur og nú má finna á síðunni ýmis konar greinar, viðtöl og efni sem getur nýst bæði verkstjórnendum og aðstoðarfólki.

Lengi hefur staðið til að endurnýja vefsíðu NPA miðstöðvarinnar nánast frá grunni en tilgangur þeirra fyrirætlana er í meginráttum eftirfarandi:

- Endurhanna vefsíðu þannig að hún verði fallegra og betur í takt við nýtt merki og ásýnd NPA miðstöðvarinnar.
- Setja upp vefsíðu samkvæmt ýtarlegri þarfagreiningu, svo vefsíðan nýtist sem best.
- Bæta við efni á vefsíðu og bæta þar með upplýsingagildi vefsins.
- Nýta nýjar lausnir sem auka notagildi vefsins.
- Bæta aðgengi vefsíðunnar.

Vísir að nýju veftré hefur lengi legið fyrir en frekari vinnsla á vefnum hefur frestast þar sem setja þurfti önnur verkefni í forgang. Nú hafa hins vegar loksins verið stigin nokkur skref hvað varðar vefsíðuna. Unnið er að því að skrifa fjölbreytta upplýsingatexta um NPA miðstöðina og NPA á Íslandi og mun sá texti auka upplýsingagildi vefsins verulega. Nýtt kerfi, Odoo, verður jafnframt tekið til notkunar næsta vetur og samhliða því verður vefsíðan hönnuð upp á nýtt og sett upp í Odoo kerfinu.

#### 5.1.2 Verkstjórnendahandbók

NPA miðstöðin gaf út rafræna verkstjórnendahandbók á afmælisdegi sínum þann 16. júní 2020. Handbókin er fyrst og fremst hugsuð fyrir félagsfólk NPA miðstöðvarinnar en handbókin og skjalasafn hennar eru jafnframt opin öllum þeim sem vilja kynna sér efni hennar, óháð því hvort viðkomandi nýti sér miðstöðina sem umsýsluaðila eða ekki. Verkstjórnendahandbókin er hugsuð sem alls herjar uppflertirit fyrir NPA notendur og í henni er fjallað um flest allt sem lítur að NPA, allt frá samningagerð, verkstjórn og tímavinnu, upp í hugmyndafræði NPA.

Efni handbókarinnar er reglulega í endurskoðun og er handbókin þess eðlis að gera má ráð fyrir að hún verði í sífelldri þróun og muni t.d. þróast í takt við breytingar á kjaraumhverfi, regluverki NPA og eftir áherslum NPA miðstöðvarinnar hverju sinni. Enn á eftir að myndskreyta handbókina og lagfæra tiltekna þætti.

Sjá: [handbok.npa.is](http://handbok.npa.is)

### 5.1.3 Handbók fyrir aðstoðarfólk

Langt er síðan byrjað var að skrifa handbók fyrir aðstoðarfólk og er sú vinna stöðugt í gangi þó ekki hafi gefist svigrúm til að setja þá vinnu í forgang. Verkið er umfangsmikið enda margt sem þarf að útskýra og standa skil á gagnvart aðstoðarfólki og einnig þarf að huga að samráði við verkstjórnendur og aðstoðarfólk. Þegar textaskrifum verður lokið verður handbókin sett á vefinn með sambærilegum hætti og handbók verkstjórnenda. Á þessu stigi er ekki hægt að áætla hvenær handbók aðstoðarfólks verður tilbúin.

### 5.1.4 NPA fréttabréfið

Lengi hafði verið stefnt að því að NPA miðstöðin gæfi út fréttabréf. Það varð að veruleika þann 14. september síðastliðinn þegar fyrsta tölublað af NPA fréttabréfinu var sent til félagsfólks og aðstoðarfólks. Í heildina hafa verið gefin út 3 fréttabréf í vetur.

Í NPA fréttabréfinu er fjallað um námskeið og viðburði NPA miðstöðvarinnar, um ýmis verkefni sem eru í gangi á skrifstofunni hverju sinni, auk þess sem birt eru stutt viðtöl við félagsfólk o.fl. Markmiðið með fréttabréfinu er að auka upplýsingaflæði til félagsfólks og aðstoðarfólks, að gefa innsýn í mörg þau fjölbreyttu verkefni sem unnin eru á skrifstofunni og eru oft á tíðum ósýnileg, auk þess sem fréttabréfið hefur vonandi eitthvert skemmtanagildi. Stefnt er að því að fjölga tölublöðum NPA fréttabréfsins á ársgrundvelli, eftir því sem fram líða stundir.

### 5.1.5 Upplýsingapóstur til félagsfólks og aðstoðarfólks

Í september 2023 var það einnig fest í sessi að senda upplýsingapóst til félagsfólks og aðstoðarfólks í hverjum mánuði, að desember og júlí undanskildum. Upplýsingapósturinn inniheldur ýmsar praktískar upplýsingar, t.d. um námskeið og viðburði sem eru á döfinni hjá miðstöðinni, um álag á hátíðisdögum, gerð ferðasamninga, skipulag sumarfría o.fl. Einnig er bent á ýmsa þjónustu sem NPA miðstöðin býður upp á og ráðgjafar geta aðstoðað við.

## 5.2 Kynningarstarf

NPA miðstöðin lítur á það sem eina af sínum skyldum að vekja athygli á málefnum fatlaðs fólks og leggja baráttunni fyrir NPA lið. Í því felst m.a. að birta áhugavert efni tengt málefnum fatlaðs fólks og NPA á Facebook síðu miðstöðvarinnar, að skrifa greinar og mæta í viðtöl í fjölmiðlum, þátttöku í alþjóðlegri baráttu fyrir réttinum til sjálfstæðs lífs, kynningar- og markaðsverkefnum og áfram mætti telja.



### 5.2.1 Auglýsingaherferð og ljósmyndataka

Til stóð að vinna auglýsingaherferð í þeim tilgangi að vekja áhuga fólks á starfi aðstoðarfólks og laða það til starfa, auk þess að vekja um leið athygli á NPA þjónustuforminu. Ekki vannst tími til að fylgja því verkefni eftir en þó var fenginn ljósmyndari til að taka myndir af nokkrum félögum miðstöðvarinnar í leik og starfi. Þær myndir munu nýtast miðstöðinni á nýrri vefsíðu, í kynningarefni og mögulega í auglýsingaherferð verði sá bolti tekinn upp að nýju.

### 5.2.2 Kynning á stjórn og starfsfólki NPA miðstöðvarinnar

Í öðru tölublaði NPA fréttabréfsins sem kom út 13. október 2023, var lífleg kynning á stjórn og starfsfólki NPA miðstöðvarinnar sem var svo einnig birt á Facebook og Instagram.

### 5.2.3 Samfélagsmiðlar

NPA miðstöðin hefur áfram lagt áherslu á að vera sýnileg á liðnu starfsári, sérstaklega á samfélagsmiðlum. NPA miðstöðin heldur úti Facebook síðu og birtir efni á henni nánast daglega fyrir sína ríflegu 3.200 fylgjendur. Síðan er ágætis fréttaveita um málefni fatlaðs fólks á Íslandi og erlendis í víðu samhengi. Á síðunni er t.d. deilt samfélags- og stjórn málafréttum, fræðsluefni, upplýsingum um viðburði, listir, léttu efni o.fl. sem allt tengist fötluðu fólki eða þar sem fatlað fólk er í brennidepli.

NPA miðstöðin heldur einnig úti hópi á Facebook sem ber nafnið „[Sjálfstætt líf og NPA á Íslandi](#)“. Hópurinn er vettvangur fyrir öll áhugasöm til að deila upplýsingum og skiptast á skoðunum um allt sem varðar NPA. Á þessum tímamarki eru ríflega 500 aðilar í hópnun.

NPA miðstöðin er á [Instagram](#) en misvirk eftir tímabilum. NPA miðstöðin birtir t.d. reglulega upplýsingar á Instagram, um námskeið og viðburði miðstöðvarinnar o.fl., auk þess sem ýmis konar efni er birt í „story“.

Loks má nefna að NPA miðstöðin safnar greinum og flestu efni sem birt er á Facebook síðu miðstöðvarinnar, í flokkað safn á [Pinterest](#). Á Pinterest má þar af leiðandi finna nokkurn gagnabrunn af fréttum og öðru efni sem fjallar um fatlað fólk.

## 5.3 Fjölmiðlar

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar, og fleiri sem eru tengd NPA miðstöðinni, hafa látið í sér heyra á opinberum vettvangi á nýliðnu starfsári.

### 5.3.1 „Hver mánuður sem einstaklingur þarf að bíða eftir að hefja líf sitt er alvarlegt mál“

Þann 30. júní 2023 var umfjöllun á Visir.is um að stjórnvöld hafi ekki staðið við sínar skuldbindingar varðandi fjölgun á NPA samningum líkt og kveðið var á um í lögum, en samkvæmt lögum átti að gera 50 nýja NPA samninga á árinu 2023. Vísir ræddi við Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formann NPA miðstöðvarinnar sem sagði mikið vanta upp á

að þessir fimmtíu samningar næðust og ekki væru haldbærar skýringar á því af hverju það hefði dregist að úthluta því fjármagni sem hefði verið samþykkt til þess. Þá lýsti Rúnar því einnig hvernig fatlað fólk sem bíður eftir NPA samningi, kæmist af þeim sökum jafnvel ekki inn í skóla eða út á vinnumarkaðinn. Það væri í raun að bíða eftir því að hefja sitt sjálfstæða líf og að hver mánuður þar sem einstaklingur þyrfti að bíða eftir að hefja sitt líf væri alvarlegt mál.

<https://www.visir.is/g/20232434342d/-hver-manudur-sem-einstaklingur-tharf-ad-bida-eftir-ad-fa-ad-hefja-sitt-lif-er-mjog-alvarlegt-mal>

### 5.3.2 Fimm ár frá lögfestingu NPA á Íslandi

Sunnudaginn 1. október 2023 voru fimm ár frá því að lög um NPA tók gildi. Af því tilefni var fjallað um NPA í Kastljósi á RÚV. Rætt var við Rúnar Björn Herrera Þorkellsson, formann NPA miðstöðvarinnar og Fannar Frey Þorbergsson sem hafði á þeim tíma beðið eftir því að fá NPA samning í meira en ár. Þá var einnig rætt við þau Heiðu Björg Hilmisdóttir, formann Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Guðmund Inga Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-10-02-fimm-ar-og-fatt-hefur-gengid-eftir>

### 5.3.3 Lífi fatlaðs fólks slegið á frest

Fimmtudaginn 5. október 2023 birtist grein á Visir.is eftir þau Rúnar Björn Herrera Þorkellsson, formann NPA miðstöðvarinnar og Silju Steinunnardóttur, samskiptastýru miðstöðvarinnar og bar greinin yfirskriftina „Lífi fatlaðs fólks slegið á frest“.

Í greininni gagnrýndu þau að NPA samningum hafi ekki fjölgað eins og ráðgert var þegar lög um NPA tóku gildi árið 2018. Í lok árs 2022 voru NPA samningar eingöngu 89 en ekki 172 eins og kveðið var á um í lögum. Auk þess hafði í desember 2022 verið lofað um 50 nýjum NPA samningum árið 2023 en í október 2023, þegar greinin var skrifuð, höfðu eingöngu borist fréttir af 20 nýjum NPA samningum en ekki 50 eins og lofað hafði verið.

Þá kom einnig fram að á meðan að NPA samningum fjölgar nánast ekkert bíður fatlað fólk þess að fá NPA og þarf á meðan að slá mörgu í lífi sínu á frest. Margt fatlað fólk upplifir sig nánast í stofufangelsi á meðan þau bíða eftir NPA samningi.

<https://www.visir.is/g/20232470874d/lifi-fatlads-folks-slegid-a-frest>

### 5.3.4 Laus úr vistaböndum

Margrét Sigríður Guðmundsdóttir, NPA verkstjórnandi og varamaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar skrifaði greinina „Laus úr vistaböndum“ sem birtist á Vísir.is í nóvember 2023. Í henni lýsir hún baráttu sinni við kerfið en í nokkur ár var Margréti Sigríði gert að búa á hjúkrunarheimili gegn vilja sínum. Í greininni lýsir hún hvernig hún fékk NPA samning eftir mikla baráttu við sitt sveitarfélag og lýsir þeim jákvæðu breytingum sem það hafði á líf hennar að fá loks NPA samning.

<https://www.visir.is/g/20232489693d/laus-ur-vistarbondum>

## 5.4 Baráttumál og sýnileiki félagsfólks

Það eru ekki eingöngu stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar sem láta í sér heyra á opinberum vettvangi. Margt félagsfólk NPA miðstöðvarinnar lætur til sín taka og vekur athygli á málefnum fatlaðs fólks með ýmsum hætti. NPA miðstöðin er stolt af sínu fólki en á síðastliðnu starfsári hafa þau m.a.:

- Vakið athygli á og barist fyrir réttindum fatlaðs fólks sem ekki geta nýtt sér rafræn skilríki og stafræna þjónustu.
- Barist við Tryggingastofnun Ríkisins vegna þess að viðkomandi þurfti að hefja á ný frá grunni, umsókn um bílakaup á sérútbúnum bíl en ferlið hafði fram að því tekið um 20 mánuði. Ástæðan var sú að hreyfihömlunarvottorð viðkomandi rann út á tilteknum tíma, þrátt fyrir að viðkomandi sé varanlega hreyfihamlaður.
- Haldið tölu við setningu Hinsegin daga – Reykjavík Pride.
- Loks bárust þær gleðilegu fréttir síðastliðið haust að lyfið Spinraza hefði verið samþykkt til notkunar fyrir fullorðna sem glíma við mænuhrörnunarsjúkdóminn Spinal Muscular Atrophy (SMA) en lyfið hafði fram að því eingöngu verið til notkunar fyrir börn. Hópur fólks með SMA hafði lengi barist fyrir því að fá lyfið til notkunar og á síðasta ári voru þau einstaklega áberandi í sinni baráttu, skrifuðu fjölda greina, mættu í viðtöl og settu af stað undirskriftasöfnun, svo fátt eitt sé nefnt. Er það baráttu þessa hóps að þakka, þar á meðal félagi í NPA miðstöðinni, að þessum áfanga var loks náð.
- Auk þess hafa þau skrifað greinar sem birst hafa í mismunandi fjölmiðlum og komið fram í viðtölum um baráttumál fatlaðs fólks.

## 6 REKSTUR SKRIFSTOFU 2023-2024

### 6.1 Kerfisláusnir

Að mörgu er að huga hvað varðar tækjakost og kerfisláusnir á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar.

#### 6.1.1 Tímon

Tímon er viðveruskráningarkerfi sem félagsfólk NPA miðstöðvarinnar notar til að halda utan um og skrá vinnustundir aðstoðarfólks og skipuleggja vaktir.

Í kjölfar styttingar vinnuvikunnar og fjölgunar álagsprepa í launatöflu 1. maí 2022 urðu útreikningar launa mun flóknari en þeir voru áður. NPA miðstöðin taldi mjög mikilvægt að taka tímaskráningarkerfi í notkun á þessum tímamarki enda hefði verið nánast ómögulegt að halda áfram með fyrra fyrirkomulag á tímaskráningum í kjölfar styttingar vinnuvikunnar. Innleiðingin á Tímon gekk ekki hnökralaust fyrir sig en þróunin hefur haldið áfram og á nýliðnu starfsári var smávægilegum hlutum bætt við kerfið þannig að notendaviðmót Tímon hefur batnað og smám saman verið sniðið betur að þörfum félagsfólks. Okkur heyrir að flest telji tilkomu Tímon auðvelda sér að skipuleggja vaktir og halda utan um tíma aðstoðarfólks.

#### 6.1.2 Áframhaldandi þróun Salesforce

Þjónustukerfið Salesforce var tekið í notkun seinni part sumars 2020. Miðlægur gagnagrunnur eins og Salesforce einfaldar ýmislegt utanumhald og yfirsýn við störf á skrifstofu og var orðinn bráðnauðsynlegur samhliða fjölgun félagsfólks í miðstöðinni. Salesforce er enn í daglegri notkun á skrifstofunni. Áframhaldandi þróun á Salesforce hefur hins vegar verið hætt. Í upphafi tókst vel til og reyndist kerfið vel að mestu eftir fyrsta þróunarfásann. Við næsta þróunarfasa urðu ýmis vandræði til að lengja verkefnið aftur og aftur þangað til að ljóst var að betra væri að segja skilið við Salesforce og finna nýtt kerfi.

#### 6.1.3 Asana tekið í notkun

Á haustmánuðum 2021 tók NPA miðstöðin til notkunar verkstjórnunar- og skipulagsforritið Asana. Kveikjan að því var að þá var NPA námskeiðaröð miðstöðvarinnar hleypt af stokkunum og kom Asana sér sérstaklega vel við skipulag og utanumhald námskeiðanna, sem og annarra viðburða. Í dag er Asana notað við skipulag og verkstjórnun flestra verkefna á skrifstofunni.

#### 6.1.4 Önnur kerfi

Í febrúar 2023 var pósthforritið MailChimp tekið í notkun og hefur það einfaldað utanumhald yfir póstlista og komið sér vel nú þegar NPA miðstöðin er farin að senda

fréttabréf og upplýsingapósta reglulega til félagsfólks og aðstoðarfólks. Sway var svo tekið í notkun í september 2023 til að setja upp NPA fréttabréfið. Þess utan notar NPA miðstöðin að sjálfsögðu öll helstu forrit sem henta skrifstofuvinnu, samskiptaforritið Teams og Adobe pakkann fyrir myndræna vinnu.

### 6.1.5 Odoo kerfið

Eftir því sem félagsfólki, aðstoðarfólki og starfsfólki hefur fjölgað, hafa þarfir skrifstofunnar fyrir hin ýmsu kerfi smám saman breyst og orðið flóknari. Nú er svo komið að sá fjöldi kerfa sem er í notkun og sú staðreynd að þau tala ekki saman, er farið að valda nokkrum áskorunum og veldur því t.d. að nauðsynlegt er að margskrá tiltekna upplýsingar inn í fleiri en eitt kerfi.

Í mars á þessu ári skrifaði NPA miðstöðin undir samning við fyrirtækið Boðleið um innleiðingu kerfisins Odoo en það mun leysa af hólmi mörg þeirra kerfa sem nú eru í notkun, t.d. Salesforce, Asana, Teams, Tímon, MailChimp o.fl. Jafnframt því mun ný og endurhönnuð vefsíða miðstöðvarinnar verða sett upp í Odoo kerfinu.

Með Odoo munu margir verkferlar einfaldast verulega og skilvirkni aukast sem mun skapa verulegt vinnuhagræði á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar og fækka kerfisvillum sem aftur ætti að auka gæði þjónustu miðstöðvarinnar.

Innleiðing Odoo á skrifstofu mun:

- Leiða til vinnuhagræðingar.
- Leiða til vinnusparnaðar við mörg verkefni.
- Auka samræmi upplýsinga í kerfum og fækka villum.
- Auðvelda utanumhald upplýsinga.
- Auka samvinnu og flæði á milli deilda og minnka tvíverknað.
- Auka tíma hjá starfsfólki (sérstaklega ráðgjöfum) til að sinna þjónustubáttum starfsins og þróun, frekar en í margskráningu upplýsinga og utanumhald gagna.

Fyrir félagsfólk mun nýtt kerfi þýða:

- Betra tímaskráningarkerfi sem er betur sérsniðið að þörfum þess.
- Betra kerfi til ráðninga aðstoðarfólks.
- Einfaldari skráningu á námskeið og viðburði.
- Innri vef þar sem félagsfólk getur skoðað rauntímastöðu samnings og aðrar upplýsingar.

Innleiðing Odoo kerfisins mun að lágmarki taka allt þetta ár og verður félagsfólk reglulega upplýst um framvinduna á innleiðingartímabilinu. Stefnt er að því að veita hverjum verkstjórnenda persónulega kennslu um þá þætti sem snúa að þeim, þegar það verður tímabært.

## 6.2 Samstarf við Halló

Í febrúar 2021 hófst samstarf NPA miðstöðvarinnar við Halló – símsvörun. Starfsfólk Halló svarar almennum fyrirspurnum en sér einnig um að gefa símtöl til starfsfólks á skrifstofunni eða taka skilaboð.

Komið hafa fram ábendingar frá félagsfólki um langan biðtíma og jafnvel misst símtöl eftir að Halló tók við símsvörun hjá NPA miðstöðinni. Við höfum átt samtöl við Halló um þjónustuhlutfallið og fengið skýringar á þeim, auk fyrirheita um að þjónustan verði bætt. Í kjölfarið hefur þjónustuhlutfallið og biðtíminn batnað en því miður haft tilhneigingu til að síga niður aftur. NPA miðstöðin þiggur endurgjöf frá félagsfólki og aðstoðarfólki, hvað þetta varðar og höfum iðulega látið Halló vita þegar okkur hafa borist athugasemdir frá þeim sem hringja til okkar.

## 6.3 Húsnæði NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin rekur starfsemi sína í skrifstofuhúsnæði í Urðarhvarfi 8A í Kópavogi, en miðstöðin flutti starfsemi sína þangað úr Hátúni 12 í byrjun apríl árið 2020.

Húsnæði NPA miðstöðvarinnar er mjög aðgengilegt fyrir fatlað fólk, og þrátt fyrir að vera á annarri hæð er hægt að ganga beint inn í rými miðstöðvarinnar frá bílastæði og einnig beint úr bílskýli. Að sjálfsögðu eru einnig lyftur í húsinu og inngangar að húsnæðinu eru sjálfvirkir og opnast sjálfkrafa fyrir gestum. Leitast er við að tryggja gott aðgengi á skrifstofu miðstöðvarinnar, t.d. er hluti eldhúsinnréttingar aðgengilegur og einnig eru hæðarstillanleg borð o.fl. sem eiga að tryggja þægindi fólks sem notar ólíka hjólastóla.

### 6.3.1 Félagsfólki stendur til boða að nýta rými skrifstofunnar

Félagsfólki stendur til boða að nýta sér aðstöðu á skrifstofu miðstöðvarinnar. T.d. getur félagsfólk nýtt sér fundarherbergi á skrifstofunni til að halda starfsmannafundi eða til að taka starfsmanna- og/eða atvinnuviðtöl. Enn fremur getur félagsfólk nýtt sér afmörkuð rými og vinnuaðstöðu til þess að halda utan um og skipuleggja sína notendastýrðu persónulegu aðstoð. Jafnframt er starfsfólk miðstöðvarinnar ævinlega til þjónustu reiðubúið.

Loks er einnig hægt að fá afnot af húsnæði miðstöðvarinnar til þess að hýsa fundi og margvíslega fræðslustarfsemi, námskeið eða viðburði og nýta sér tæknibúnað miðstöðvarinnar t.d. fyrir rafræna fjarfundi.

### 6.3.2 Húsnæði, innrétting skrifstofu og húsgögn

Í mars á þessu ári var sett upp ný og stærri eldhúsinnrétting. Segja má að fyrri innréttingin hafi verið sprungin en hún var hætt að rúma tæki og borðbúnað sem fylgir um 20 manna skrifstofu. Nýja innréttingin er aðgengilegri en sú eldri. Hluti borðplötunnar er lægri en venjan er og hentar fólki sem notar hjólastóla, kraninn við vaskinn er staðsettur vinstra megin við vaskinn og hægt er að rúlla sér upp undir vaskinn til að komast að honum.

Áfram var haldið að kaupa fleiri skrifborð og önnur húsgögn eftir því sem starfsfólki á skrifstofu fjölgaði. Frekari innrétting húsnæðisins verður svo áframhaldið í áföngum. Hugur stendur til að innrétta í það minnsta eitt baðherbergjanna með skipti- og þvottaaðstöðu fyrir fullorðna en ekki liggur fyrir hvenær ráðist verður í þá framkvæmd og ræðst það m.a. af fjármagni og almennri forgangsröðun verkefna á skrifstofu.

Á skrifstofunni eru einnig fundarkerfi fyrir fundarherbergin sem einfaldar mjög rafræna fundi og eykur gæði þeirra, auk hljóðkerfis, þar á meðal hljóðnema og mixer, sem koma sér vel á stærri fundum.

## 7 HAGSMUNAGÆSLA OG RÉTTINDAMÁL 2023-2024

### 7.1 Hagsmunagæsla og réttindamál

NPA miðstöðin er ekki eingöngu umsýslufélag heldur einnig hagsmunafélag fatlaðs fólks og skipar hagsmunavarsla nokkuð stóran sess í starfi NPA miðstöðvarinnar enda var NPA miðstöðin upphaflega stofnuð sem baráttusamtök fyrir réttinum til NPA. Ýmsir vankantar hafa verið á framkvæmd á innleiðingarferli NPA alveg frá upphafi og í sumum tilvikum hafa lög verið brotin. Þetta hefur ítrekað kallað á viðbrögð og hefur NPA miðstöðin fram til þessa brugðist við kallinu og mun gera það áfram. Óhætt er að fullyrða að hið opinbera hafi ráðstafað miklum tíma og orku frá NPA miðstöðinni í hagsmunabaráttu, sem þó hefur skilað heilmiklum árangri – bæði í þágu einstakra notenda og fatlaðs fólks í heild. Síðustu ár hefur þó verið að skapast meira ráðrúm fyrir NPA miðstöðina til að leggja kraft í uppbyggingu á þjónustu sinni og innra starfi.

Eftirfarandi er meðal þess sem NPA miðstöðin hefur þurft að berjast fyrir í gegnum tíðina og enn þann dag í dag:

- Að sveitarfélög fari eftir ákvæðum reglugerða og samninga um framlög til NPA samninga, þ.e. að framlagið taki mið af ákvæðum kjarasamninga NPA aðstoðarfólks og sé nægjanlegt til þess að unnt sé að greiða aðstoðarfólki kjarasamningsbundin laun. Borið hefur á því að sveitarfélög greiði ekki samkvæmt kjarasamningum sem hefur svo leitt til þess að notandi hefur þurft að skera niður sína þjónustutíma til að geta greitt samkvæmt kjarasamningum. Sum sveitarfélög hafa þannig í gegnum tíðina greitt það lágt tímakaup að notandi hefur ekki getað nýtt alla tímana sem honum var úthlutað.
- Afgreiðsla sveitarfélaga á NPA umsóknum og dráttur þar á, er eitt af því sem NPA miðstöðin hefur einnig ítrekað gert athugasemdir við.
- Í mörg ár hefur íslenska ríkið ekki staðið við skuldbindingar sínar um mótframlag til þess fjölda NPA samninga sem kveðið var á um í lögum. NPA miðstöðin hefur barist fyrir því að ríkið standi við skuldbindingar sínar um mótframlag til NPA samninga, t.d. með því að mæta á fundi hjá ráðuneytinu, skrifa umsagnir og greinar o.s.frv.
- Mikið þarf gjarnan að hafa fyrir því að fá lögbundna þjónustu til handa notendum NPA miðstöðvarinnar sem eiga rétt á henni, t.d. aðstoðarverkstjórn eða fleiri tíma í NPA samninginn o.s.frv.
- NPA miðstöðin hefur einnig ítrekað gert athugasemdir við að ríkið hafi ekki staðið við sínar lagabundnu skuldbindingar varðandi fjölgun NPA samninga með því að tryggja nauðsynlegt mótframlag til sveitarfélaga. Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur í gegnum tíðina skrifað marga pistla og mætt í viðtöl til að vekja athygli á þessu. Einnig hefur talsverð vinna falist í því að afla upplýsinga,



annast útreikninga og eiga samskipti við kjörna fulltrúa á Alþingi og innan sveitarstjórna, ráðuneyta, sambands sveitarfélaga og sveitarfélaganna sjálfra.

Önnur verkefni tengd hagsmunabaráttu og/eða ráðgjöf við uppbyggingu NPA á Íslandi sem NPA miðstöðin hefur haft aðkomu að eru t.d. eftirfarandi:

- Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur verið skipaður og situr í framtíðarhóp um nýsköpun og þjónustu við fatlað fólk.
- Formaður er meðlimur í hópi á vegum Félagsmálaráðuneytisins sem vinnur að innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á Íslandi.
- Formaður situr í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem er samráðsvettvangur ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.
- Gjaldkeri miðstöðvarinnar situr í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík.
- NPA miðstöðin hefur aðstoðað sveitarfélög þegar þau hafa hvert um sig verið að móta sínar reglur um NPA.
- Þátttaka í samráðsstarfi um lagasetningar og reglugerðir.
- Mæting fyrir velferðarnefnd Alþingis og samtöl við þingmenn.
- Aðstoða fólk við að sækja mál fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.
- Sent athugasemdir til ráðuneytisins um framkvæmd NPA námskeiða.

Baráttunni er hvergi nærri lokið.

- Í dag eru fleiri undir 67 ára aldri inni á hjúkrunarheimilum heldur en fjöldi fólks með NPA samninga á Íslandi. Það gengur þvert á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt þjóðir eindregið til að vinna skipulega að afstofnanavæðingu.
- Mörg sveitarfélög draga lappirnar við afgreiðslu NPA umsókna, þrátt fyrir að ríkið hafi verið búið að tryggja mótframlög til fjölgunar á NPA samningum. Það útskýrir að hluta til hæga fjölgun samninga á síðasta ári.
- NPA miðstöðin hefur einnig bent á ágalla í útreikningum ríkisins á fjárþörf við innleiðingu NPA sem hafa valdið verulegri vanáætlun fjármagns allt frá lögfestingu NPA 2018. Sé litið til laga frá desember 2022, virðist ríkið enn styðjast við rangar forsendur í útreikningum sínum.
- Greiðslur sveitarfélaga til NPA samninga er endalaus barátta. Í hvert sinn sem kjarasamningar breytast þarf að aðlaga taxta NPA samninga og mörg sveitarfélög eru treg til að afgreiða þær hækkningar. NPA miðstöðin mun leggja sig fram um að tryggja að félagsfólk miðstöðvarinnar finni ekki fyrir því tímabili í kjölfar nýrra samninga, sem munur er á framlagi sveitarfélags og kjarasamningsbundnum launakostnaði vegna aðstoðarfólks.

### 7.1.1 Kærumál

NPA miðstöðin hefur, líkt og undanfarin ár, gengið fram fyrir skyldi með sínu félagsfólki gagnvart opinberum aðilum þegar kemur að rétti þess til þjónustu. Miðstöðin hefur á liðnum árum látið reyna á margvíslega þætti í framkvæmd sveitarfélaga á þeim lögum

sem varða réttindi fatlaðs fólks til þjónustu og svo um skyldur sveitarfélaga til að gæta réttlátrar og sanngjarnar málsmeðferðar. Víða hefur verið, og er enn, pottur brotinn í þeim efnum. Því hefur miðstöðin verið öflugur bakhjarl að þessu leyti og náð afar góðum árangri fyrir hönd félagsfólks síns og um leið alls fatlaðs fólks.

Á liðnu starfsári hefur miðstöðin aðstoðað allnokkurt félagsfólk við að sækja tiltekin réttindi eða láta reyna á ákvarðanir sveitarfélaga með málskotum, bæði innan sveitarfélaganna sjálfra og til æðra stjórnvalds. Félagfólk NPA miðstöðvarinnar getur treyst því að miðstöðin stendur ávallt með félagsfólki sínu þegar réttur til þjónustu er brotinn eða reglum um málsmeðferð er ekki fylgt. Með þessari hagsmunagæslu veitir NPA miðstöðin sveitarfélögum nauðsynlegt aðhald sem allt fatlað fólk nýtur góðs af.

## 7.1.2 Umsagnir um lagafrumvörp

### 7.1.2.1 Umsögn um fjárlagafrumvarpið 2024

Eins og áður segir skilaði NPA miðstöðin inn ítarlegri umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024. Í umsögninni er gerð krafa um að almenn aðhaldskrafa verði leiðrétt í frumvarpinu og að heildarframlög ríkisins til allt að 172 NPA samninga nemi a.m.k. 1.853 millj. kr. Í umsögn NPA miðstöðvarinnar er ítarlega rakið hvernig framlög ríkisins hafi ár eftir ár verið vanáætluð og grundvölluð á upplýsingum sem eru ýmist úrehtar eða rangar. NPA miðstöðin rekur forsendur fyrir viðmiðum í ákvörðunum um fjármögnun NPA samninga og undirstrikar mikilvægi þess að ríkið standi við skuldbindingar sínar gagnvart fötluðu fólki og veiti fjármagn til þeirra 172 NPA samninga sem lögin kveða á um.

Umsögn NPA miðstöðvarinnar vakti töluverða athygli og voru fulltrúar miðstöðvarinnar boðaðir á fund með fjárlaganefnd Alþingis til að gera grein fyrir umsögninni. Skemmst er frá því að segja að árangur af umsögninni og eftirfylgd með henni skilaði góðum árangri og skuldbatt ríkið sig til þess að fjármagna alls 172 NPA samninga á árinu 2024, óháð kostnaði. Þetta voru gríðarlega ánægjuleg tíðindi og fróðlegt verður að sjá hvort og hvernig sveitarfélög bregðast við með tilliti til fjölgunar samninga, nú þegar þau ættu ekki að geta borið fyrir sig skort á fjármagni frá ríkinu.


### 7.1.3 Fjöldi NPA samninga í ósamræmi við lög

Við lögfestingu NPA árið 2018 fjölgaði NPA samningum verulega og við árslok 2019 voru NPA samningar á landinu orðnir 87 talsins. NPA samningum fjölgaði svo eingöngu um 2 næstu þrjú árin en í lok árs 2022 voru 89 einstaklingar með NPA samning.

Í kjölfar þess að nýtt bráðabirgðaákvæði var sett í lög nr. 38/2018 í desember 2022, kom loks kippur í fjölgun NPA samninga árið 2023. Hins vegar er ósamræmi í opinberum gögnum í tölum um fjölda NPA samninga árið 2023 og samkvæmt þeim var fjöldi NPA samninga árið 2023 annað hvort 97 eða 109. Það þýðir að þrátt fyrir fyrirheit um 50 nýja samninga árið 2023, fjölgaði NPA samningum eingöngu um 8 eða 20 á síðasta ári.

**FJÖLDI NPA SAMNINGA Í ÓSAMRÆMI VIÐ LÖG**

Fjöldi NPA samninga, 2012-2024 og áætlanir um fjölda



\*Fjöldi NPA samninga árið 2023 var annað hvort 97 eða 109 talsins. Ósamræmi er í tölum um fjölda NPA samninga árið 2023 í opinberum gögnum.

Tölur eru fengnar úr ársskýrslum Jöfnunarsjóðs, úr vefrættum stjórnarráðsins, úr lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, bráðabirgðaákvæði laga frá 2022 og skýrslunni „Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk“ frá árinu 2024.

Grafík: NPA miðstöðin/Silja

**7.1.4 Áfangasigur árið 2022 en lítið gerst síðan**

Árið 2022 lá fyrir að bráðabirgðaákvæði laga um samstarfsverkefni um innleiðingu NPA og fjölgun NPA samninga, rynni út þá um áramótin. Ljóst var að það stefndi í algera óvissu um áframhaldandi innleiðingu NPA samninga, yrði ekkert að gert.

Haustið 2022 stofnaði NPA miðstöðin til sérstaks samráðshóps um áframhaldandi innleiðingu NPA. Þann 4. nóvember 2022 kynnti svo samráðshópur NPA miðstöðvar, ÖBÍ, Fræðaseturs í fötlnarfræðum og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sameiginlegt minnisblað fyrir Katrínu Jakobsdóttur þáverandi forsætisráðherra og Guðmundi Inga félags- og vinnumarkaðsráðherra. Á fundinum var skorað á íslenska ríkið að koma inn með afgerandi hætti og styðja NPA þjónustuformið sem veitir fötluðu fólki sjálfsögð mannréttindi.

Í desember lá svo niðurstaða fyrir. Samkvæmt tilkynningu frá Stjórnarráðinu var gert ráð fyrir hækkun á framlögum ríkisins til NPA samninga um nær 50% árið 2023, sem gæfi svigrúm fyrir allt að 50 nýjum NPA samningum árið 2023. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 frá 2022, skyldu NPA samningar vera orðnir allt að 145 talsins á síðasta ári, 2023 og 172 á þessu ári, 2024. Það er samt vert að hafa í huga að samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga frá 2018, áttu NPA samningar að vera orðnir 172 talsins árið 2022, en samkvæmt nýju ákvæði yrði þeim fjölda samninga ekki náð fyrir en á þessu ári, 2024.

Eins og fram hefur komið fjölgaði NPA samningum hins vegar eingöngu um 8 eða 20 samninga á síðasta ári, 2023, en ekki 50 eins og kveðið var um í lögum frá 2022. Það þýðir að eingöngu 97 eða 109 einstaklingar voru með NPA um síðustu áramót en ekki 145 eins og þeir hefðu átt að vera skv. lögum.

Því miður virðist áfram þurfa að fylgja eftir fjölgun NPA samninga. Nú er árið bráðum hálfnað og NPA miðstöðin hefur litlar fréttir fengið af fjölgun NPA samninga þetta árið. Fari fram sem horfir mun í lok árs 2024 vanta ca. 60-70 samninga til að markmiðum laga um 172 samninga í lok árs 2024 náist.

NPA miðstöðin mun áfram standa vaktina og þrýsta á um að ríkið standi við áætlanir um fjölgun samninga enda hefur það sýnt sig að ævinlega er þörf á því.

### **7.1.5 Samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki**

NPA miðstöðin hefur um árabil tekið virkan þátt í samstarfi og samráði við bæði ríki og sveitarfélög. Fulltrúar miðstöðvarinnar eiga reglulega samráðsfundi með nokkrum af stærstu sveitarfélögum landsins þar sem farið er yfir samstarfið og álitamál, ef einhver eru.

## 8 SAMSTARFSVERKEFNI 2023-2024

### 8.1 Erlent samstarf, ráðstefnur og viðburðir erlendis

NPA miðstöðin tekur þátt í ýmis konar erlendu samstarfi en það er breytilegt milli ára hversu mikið það er og hvað stendur upp úr hverju sinni.

#### 8.1.1 Samstarf við Norðurlöndin

Í kjölfar Nordic Network of Disability Research ráðstefnunnar í maí 2023 hófu NPA miðstöðin og systurfélög hennar, Uloba í Noregi og STIL í Svíþjóð, umræðu um mikilvægi þess að halda utan um verklag um NPA á Norðurlöndunum og að gera samanburð á milli landa. Í framhaldinu var Nordic Competency Center stofnað og var NPA miðstöðin ein stofnenda. NPA miðstöðin fór nýverið til Drammen í Noregi til að vera viðstödd fyrsta árlega fund stofnunarinnar, 6.-7. maí síðastliðinn. Erna fræðslustýra ásamt Rúnari formanni og Þorberu og Hallgrími úr stjórn, fóru fyrir hönd miðstöðvarinnar. Á fundinum kynntu þátttakendur bestu og verstu framkvæmd og stefnur í málaflokki fatlaðs fólks með NPA í sínu landi. Ákveðið var að vinna skýrslu sem þátttökulönd munu svo geta notað sem hjálpartæki í hagsmunabaráttu sinni. Næsti fundur verður haldinn í Helsinki í Finnlandi, líklega í maí á næsta ári, um svipað leiti og ráðstefnan Nordic Network of Disability Research mun fara þar fram.

#### 8.1.2 Samstarf við portúgölsku samtökin Inovar Autismo

Portúgölsku samtökin Inovar Autismo óskuðu eftir samstarfi við NPA miðstöðina á síðasta ári til að vinna að verkefni sem hefur fengið yfirskriftina „Bilateral Cooperation Initiative“ og hefur fengist lítill styrkur til að fjármagna verkefnið. Samtökin vinna að því að auka möguleika fólks með einhverfu til sjálfstæðs lífs í Portúgal og vilja læra af NPA miðstöðinni um hvernig NPA gefur fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og læra um umsýslu og almenna starfsemi NPA miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin vonast svo til að samstarfið gefi miðstöðinni innsýn og ný tæki til að þjónusta fólk með einhverfu eða sambærilegar fatlanir. Hingað til hafa verið haldnir nokkrir rafrænir fundir en í júní munu fulltrúar frá Inovar Autismo heimsækja NPA miðstöðina og í júlí fer svo fulltrúi NPA miðstöðvarinnar til Portúgals til að funda með Inovar Autismo.

#### 8.1.3 NordPlus COMPASS - Norrænt samstarf

NPA miðstöðin hlaut árið 2022, styrk til að taka þátt í verkefninu „COMPASS - Creating opportunities: bridging the gap between employers and staff with diverse cultural backgrounds“. Verkefnið fólst í megingráttum í því að fulltrúar frá Norrænum félögum (NPA-is, JAG-fi-no-se og KVPS-fi) hittust og ræddu hvernig samvinnufélög fatlaðs fólks sem vinnuveitendur geti aðlagð störf aðstoðarfólks að fólki með blandaðan bakgrunn, s.s. fólki af erlendum uppruna og flóttafólki.

Haldnir voru fjórir starfsfundir og í lok árs 2023 var svo afrakstur vinnunnar, lokaskýrsla um verkefnið tilbúin.

#### **8.1.4 ENIL og Freedom Drive**

NPA miðstöðin hefur verið fullgildur meðlimur í Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL) frá árinu 2017.

Annað hvert ár standa samtökin fyrir viðburði í Brussel í Belgíu þar sem aðildarfélögum, systursamtökum og fötluðu fólki almennt er boðið að taka þátt í nokkurra daga dagskrá sem nær hámarki með kröfugöngu, sem ber heitið Freedom Drive. NPA miðstöðin sendi fulltrúa sína til að taka þátt í Freedom Drive árið 2017, 2019 og 2022 en fyrirhugaðri göngu árið 2021 var frestað vegna COVID-19.

Næsta Freedom Drive verður haldið í Brussel í haust, dagana 23.-25. september. Dagskráin mun samanstanda af nokkrum vinnuhópum um tiltekin málefni einn daginn, kröfugöngu í gegnum Brussel annan daginn og loks ráðstefnu á lokadeginum. ENIL fagna 35 ára afmæli í ár og í þetta skiptið verður megin slagorð Freedom Drive „Reclaiming Our Rights“ með áherslu á meginstoðir sjálfstæðs lífs og hvernig hægt sé að styrkja og auka fjölbreytileika innan hreyfingarinnar um sjálfstætt líf. Í gegnum árin hafa fulltrúar NPA miðstöðvarinnar í Freedom Drive samanstaðið af stjórnarfólki, starfsfólki skrifstofu og félagsfólki. NPA miðstöðin mun að sjálfsögðu senda fulltrúa sína til Brussel í haust enda hafa þátttakendur ávallt talað um hve viðburðirnir í heild sinni séu lærdómsríkir og hve krafturinn í kröfugöngunni sé mikill.

## 9 KJARAMÁL 2023-2024

Aðstoðarfólk NPA miðstöðvarinnar eru félagar í Eflingu eða Starfsgreinasambandinu og ræðst félagsaðild af því hvar verkstjórnandi þess býr. NPA aðstoðarfólk hlýtir kjarasamningum milli Eflingar og Starfsgreinasambandsins og NPA miðstöðvarinnar fyrir NPA aðstoðarfólk.

NPA miðstöðin hefur frá árinu 2013 gert kjarasamning við Eflingu og tiltekin stéttarfélög innan Starfsgreinasambandsins um störf NPA aðstoðarfólks. Á árinu 2022 var útfærður nýr kjarasamningur fyrir NPA aðstoðarfólk þar sem innleiddar voru nokkrar breytingar á kjarumhverfi NPA aðstoðarfólks, t.a.m. stytting vinnuvikunnar, breyting á álagsþrepum ásamt því sem skerpt var á tilteknum álitamálum sem varða skipulag á vöktum og hvíldarvöktum. Sá samningur hafði hins vegar stuttan gildistíma og rann út þann 1. febrúar sl. líkt og aðrir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði.

### 9.1 Félagsfundur um áherslur í kjaraviðræðum 2024

Félagsfundur um áherslur NPA notenda í kjaraviðræðum við Eflingu og Starfsgreinasambandið, var haldinn fimmtudaginn 25. Janúar síðastliðinn. Fundurinn var ágætlega sóttur og líflegar umræður spunnust.

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar fór yfir þágildandi kjarasamning og fyrirhugaðar samningaviðræður og áherslur og markmið NPA miðstöðvarinnar í þeim viðræðum. Þær áherslur væru meðal annars að:

- Texti kjarasamningsins væri aðgengilegur fyrir félagsfólk/verkstjórnendur og aðstoðarfólk.
- Dagpeningar.
- Matarpeningar.
- Laun, álag og vinnutími.

Félagsfólki var gefið tækifæri til að hafa áhrif hvað NPA miðstöðin skyldi leggja áherslu á, þegar sest væri að samningaborðinu.

Félagsfundurinn samþykkti að veita samninganefnd NPA miðstöðvarinnar umboð til að fara með þær áherslur sem ræddar voru á fundinum inn í kjaraviðræðurnar en svo yrði haldið áfram að vera í samráði við félagsfólk.

Mikill vilji kom fram um að gerður yrði heildarkjarasamningur um störf aðstoðarfólks í stað þess að vera með sérkjarasamninga sem vísa í aðalkjarasamning og getur fyrir vikið verið flókinn aflestrar.

## 9.2 Nýir kjarasamningar og kjarasamningsviðræður

Föstudaginn 3. maí skrifaði NPA miðstöðin undir nýjan kjarasamning við Eflingu og Starfsgreinasambandið um laun aðstoðarfólks. Til að það drægist ekki um of að launahækkunar NPA aðstoðarfólks gengju í gildi var ákveðið í upphafi samningaviðræðna, að einbeita sér að hækkunum á launatöflum o.fl. til samræmis við samning Eflingar og Starfsgreinasambandsins við Samtök atvinnulífsins. Samningarnir gilda frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028. Jafnframt var samið um að NPA miðstöðin, Efling og Starfsgreinasambandið myndu hefja samningaviðræður um heildarendurskoðun á sérstökum heildarkjarasamningi fyrir aðstoðarfólk NPA miðstöðvarinnar og verður fyrsti fundur þeirra viðræðna haldinn 14. janúar 2025.

## 9.3 Félagsfundur um nýjan kjarasamning

Fimmtudaginn 16. maí var svo haldinn félagsfundur þar sem félagsfólk greiddi atkvæði um samning NPA miðstöðvarinnar við Starfsgreinasambandið og Eflingu sem undirritaður var 3. maí síðastliðinn. Fundurinn samþykkti kjarasamninginn en í megindráttum felast þær breytingar sem verða á samningnum í sér launahækkunar í samræmi við nýjan kjarasamning breiðfylkingar Eflingar, Samiðnar og Starfsgreinasambandsins við Samtök atvinnulífsins, til fjögurra ára, sem skrifað var undir 7. mars.

## 9.4 Uppfærðir jafnaðartaxtar vegna hækkunar kjarasamnings

Í kjölfar þess að nýir kjarasamningar voru samþykktir á félagsfundi, hefur NPA miðstöðin tekið saman útreikninga fyrir uppfærða jafnaðartaxta vegna NPA samninga og mun senda þá til sveitarfélaga í síðasta lagi í byrjun næstu viku.

Miðstöðin hefur frá árinu 2018 tekið saman slíka útreikninga fyrir sveitarfélög til að miða framlög sín til NPA við, en útreikningarnir miðast við gildandi kjarasamning NPA aðstoðarfólks hverju sinni.

## 9.5 Launahækkun aðstoðarfólks hjá NPA miðstöðinni

Aðstoðarfólk NPA miðstöðvarinnar mun fá greitt samkvæmt nýrri launatöflu um næstu mánaðamót, í lok maí. Afturvirkar launahækkunar, aftur til 1. febrúar, verða svo greiddar út þegar meiri hluti sveitarfélaga hefur hækkað sína taxta í samræmi við nýjan kjarasamning.

Fjármagn til greiðslu launa aðstoðarfólks kemur að mestu frá sveitarfélögum og ræðst upphæðin af stærð hvers NPA samnings. Án frekara fjármagns frá sveitarfélögum væri töluverð áskorun fyrir NPA miðstöðina að greiða þær háu fjárhæðir sem afturvirkar launahækkunar aðstoðarfólks mynda í heild sinni.



## **9.6 Innheimtuaðgerðir gagnvart sveitarfélögum og árangur þeirra**

Enn á ný mun reyna á hvernig gengur að fá sveitarfélög til þess að samþykkja nýja jafnaðartaxta vegna launahækkana NPA aðstoðarfólks, en mörg sveitarfélög bíða með að leiðréttu taxta þar til mörgum mánuðum eftir að þeir tóku gildi, þrátt fyrir skýra skyldu þeirra til þess að fylgja launahækkunum.

Tekin var sú ákvörðun haustið 2022 að leita til lögfræðings til að innheimta kröfur félagsfólks NPA notenda á hendur sveitarfélögum og láta þannig reyna á þessa skyldu sveitarfélaga skv. reglugerð og samningum sem gilda um þjónustuna og skiluðu innheimtuaðgerðirnar nokkuð góðum árangri.

NPA miðstöðin mun að sjálfsögðu þrýsta á sveitarfélög í þessum efnum og berjast fyrir skilvirkari framkvæmd greiðslna.

## 10 REKSTUR OG FJÁRHAGUR NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

### 10.1 Rekstur og fjárhagur

Hagnaður, tæp 650 þúsund kr., varð af starfseminni skv. ársreikningi fyrir árið 2023, samanborið við 11,6 milljóna króna hagnað árið á undan. Hagnaður af rekstri miðstöðvarinnar verður nýttur, ásamt handbæru fé, til þess að efla þjónustu, fræðslu og ráðgjöf og styrkja rekstur og stöðu NPA miðstöðvarinnar. Velta NPA miðstöðvarinnar á árinu 2023 voru tæpir 2,3 milljarðar á árinu, jókst um rúmlega 31% frá árinu á undan, og hafa umsvif miðstöðvarinnar aldrei verið meiri. Slíkum vexti fylgir auðvitað aukinn kostnaður svo sem vegna bókhalds og endurskoðunar en ekki síst vegna aðstoðar við umsýslu enn fleira félagfólks og aðstoðarfólks þeirra. Í samræmi við ályktun á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar árið 2021 var leitast eftir því að NPA miðstöðin fengi fulla endurskoðun frá og með árinu 2021 og að framvegis myndu endurskoðendur annast kynningu á ársreikningi NPA miðstöðvarinnar.

Eigið fé félagsins var jákvætt sem nemur 87,7 millj. kr. við árslok skv. efnahagsreikningi.

## 11 LITIÐ TIL FRAMTÍÐAR

### 11.1 Vöxtur NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin hefur stækkað ört á undangengnum árum. Um mitt ár 2018 voru tvö starfandi á skrifstofu miðstöðvarinnar og hvorugt þeirra í fullu starfi. Í dag, tæplega sex árum síðar, eru 18 starfandi á skrifstofunni (þar af 2 í barneignaleyfi og 1 í tímabundnu leyfi), auk þriggja einstaklinga sem starfa að tilteknum verkefnum.

Á sama tíma hefur fjöldi félagsfólks farið úr 17 árið 2018, upp í 65 í dag, sem er tæplega fjórföldun. Slíkur vöxtur kallar á ýmis ný úrræði, verkferla, forrit, kerfi, þjálfun og nýja þjónustupætti og geta á köflum fylgt einhverjir vaxtarverkir. NPA miðstöðin er hverju sinni, ævinlega með verkefni í vinnslu sem miða að því að bæta þjónustu miðstöðvarinnar og/eða efla verkstjórnendur í sínu hlutverki.

### 11.2 Starfið framundan

Nú sem endranær verður nóg að gera hjá stjórn og starfsfólki NPA miðstöðvarinnar á nýju starfsári, enda fylgir vexti NPA miðstöðvarinnar mikil uppbygging og þróunarvinna.

Eftirfarandi er það sem stefnt er að því að vinna á nýju starfsári.

- Áframhaldandi þróun þjónustulíkans og verkferla NPA ráðgjafa og uppbygging frekari þjónustupátta.
- Áfram verður unnið að því að innleiða sjálfvirka ferla í bókhaldinu til þess að auka skilvirkni og áreiðanleika við vinnslu upplýsinga og flýta vinnslu.
- Áframhaldandi þróun og uppbygging fræðslustarfs og annars viðburðahalds á vegum NPA miðstöðvarinnar.
- Unnið verður að innleiðingu á nýju kerfi, Odoo, allt þetta ár.
- Samhliða og í kjölfar þess að Odoo kerfið verður tekið til notkunar, er stefnt að því að endurvinnna vefsíðu NPA miðstöðvarinnar, bæði efnislega og útlitslega.
- Áfram verður unnið að textaskrifum fyrir vef miðstöðvarinnar í þeim tilgangi að auka upplýsingagildi vefsins.
- Áframhaldandi kynningar- og markaðsstarf, t.d. með kynningarstarfi á samfélagsmiðlum, greinaskrifum og viðtölum í fjölmiðlum o.fl.
- Stefnt er að því að þýða siðasáttmála og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, yfir á ensku.
- Handbók verkstjórnenda er reglulega í endurskoðun.
- Áfram verður unnið að því að skrifa handbók aðstoðarfólks sem er yfirgripsmikil vinna.
- Áfram verður haldið við að innrétta skrifstofu NPA miðstöðvarinnar í áföngum eftir því sem starfsfólki fjölgar og þarfirnar breytast.

- Áframhaldandi þátttaka í verkefnum tengt þátttöku í Nordic Competency Center og áframhaldandi samstarf við portúgölsku samtökin Inovar Autismo.
- Áframhaldandi hagsmunagæsla fyrir fatlað fólk og réttinum til sjálfstæðs lífs, gagnvart ríki og sveitarfélögum.
- Áframhaldandi aðhald gagnvart yfirvöldum, t.d. skrif umsagna við þingsályktunartillögum og frumvörpum.
- Undirbúningur fyrir fjölgun í hópi félagsfólks miðstöðvarinnar sem má teljast líkleg, þó hægt gangi, í ljósi loforða um fjölgun NPA samninga á árinu.

NPA miðstöðin er enn þá ungt félag í mótun og lítur björtum augum til framtíðar og frekari uppbyggingar miðstöðvarinnar og mun halda áfram að bæta þjónustu miðstöðvarinnar sem umsýsluaðili fólks með NPA og sem hagsmunaafl fatlaðs fólks.

---

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki og fjölmörgum samstarfsaðilum ríkis, sveitarfélaga, stéttarfélaga, annarra hagsmunaaðila og einstaklinga fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.